

Marglaga verk
frá Antoni Helga



Kúrekar gefast
vel í Eurovision



Menning > 14

Lífið > 18

FRÉTTABLAÐIÐ

88. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 6. MAÍ 2022

Forsiða Fréttablaðsins í dag er verkið Mynd eftir listamanninn Katrínu Agnesi Klar. Lesendur blaðsins eru því orðnir eigendur prentlistaverks í takmörkuðu upplagi. SJÁ SIÐU 6 MYND/KATRÍN AGNES KLAR

Þurfa níu þúsund sérfræðinga á fimm árum

Til að mæta örum vexti í íslenskum hugverkaiðnaði á næstu fimm árum þarf að ráða til geirans níu þúsund vel menntaða sérfræðinga.

ser@frettabladid.is

ATVINNUMÁL Ef vaxtaáætlanir í hugverkaiðnaði á Íslandi eiga að ganga eftir þarf að fjölga sérfræðingum um allt að níu þúsund næstu fimm árin. Það eru 1.800 manns að meðaltali á ári.

Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar könnunar meðal stjórnenda

fyrirtækja í hugverkaiðnaði innan Samtaka iðnadarins (SI). Þar segir að 80 prósent fyrirtækjanna vanti starfsfólk í dag til þess að viðhalda starfsemi sinni. Forvígismenn flestra þeirra telja sig vanta á bilinu eitt til fimm stöðugildi til þess að viðhalda núverandi starfsemi, en dæmi eru um að fyrirtæki vanti allt að 80 nýja starfsmenn.

Af svörum fyrirtækjanna má dæma að þau gera ráð fyrir að um helming starfsmanna þurfi að sækja til annarra landa. Um mjög sérhæfð störf er að ræða í mörgum tilvikum, en sem dæmi má nefna



Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hjá SI

sérfræðinga í örgjörvaforritun, sérfræðinga í skýjalausnum með áherslu á persónuvernd, framleiðendur sem geta unnið innan tækni-listapípu, kvikara og sérfræðinga í þörungaræktun.

„Mikil vaxtartækifæri eru enn

fyrir hendi í hugverkaiðnaði en áframhaldandi vöxtur er óhugsandi nema ríkt framboð sé af sérhæfðri þekkingu, reynslu og mannauði,“ segir Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnadar- og hugverka-sviðs hjá SI.

Hún þakkar þetta markvissri stefnumörkun og aðgerðum stjórnvalda á undanförunum árum, en ásamt drifkrafti og áræðni frumkvöðla hafi hugverkaiðnaður fest sig í sessi sem fjórða stöðin í verðmætasköpun og útflutningi Íslands.

Útflutningstekjur hugverkaiðn-

adar námu 192 milljörðum króna á síðasta ári eða 16 prósentum af útflutningstekjum íslenska þjóðarbúsins. Tekjurnar hafa nær tvöfaldast á innan við einum áratug.

„Þessi staða þýðir að við þurfum að gefa verulega í og auka framboð af fólki með tækni-, vísinda- og raungreinamenntun. Það kallar á áherslubreytingu í skólakerfinu okkar, en ekki síður og til skemmri tíma þurfum við að laða til okkar erlenda sérfræðinga með öllum ráðum, enda erum við þar í harðri samkeppni við aðrar þjóðir,“ segir Sigríður Mogensen. ■

Er bíllinn klár í ferðalagið?

→ Ferðabox, kajakfestingar, hjólafestingar og margt fleira

H Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. → www.hekla.is

Þriggja hjóla festing á krók
Burðargeta 60 kg, hallanleg
Verð **89.900 kr.**

Skíðafesting á topp
4 skíði eða 2 snjóbretti
Verð **24.890 kr**

Menabo farangursbox
320 ltr, Mania, svart
Verð **44.990 kr.**

Reiðhjólafesting á topp
Burðargeta 15 kg
Verð **18.900 kr.**



Volodímír Selenskij, forseti Úkraínu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Forseti Úkraínu ávarpar Alþingi

gar@frettabladid.is

ALÞINGI Volodímír Selenskij, forseti Úkraínu, ávarpar í dag Alþingi og Íslendinga um fjarfundarbúnað. „Þingmenn hafa ekki hlýtt á ávarp erlends þjóðhöfðingja með þessum hætti áður, hvorki í eigin persónu né í gegn um fjarfundarbúnað,“ sagði Birgir Ármannsson, forseti Alþingis, í gær. Þar voru tæknimenn í óðaönn að finna lausnir á því hvernig viðburðurinn gæti farið sem best fram. Kvaðst Birgir telja að langflestir þingmenn gætu mætt í þingsal í dag.

Eftir að forseti Alþingis býður fólk velkomið til fundar og fyrir ávarp forseta Úkraínu mun Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sem verður gestur Alþingis, segja nokkur orð og að lokinni ræðu Selenskijs fer Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra einnig með örfá orð.

Fundurinn hefst klukkan 14.00 og verður hann í sjónvarpi og á vef Alþingis. ■

Hverfisfljót fær nýja brú



Nú stýttist í að ný brú yfir Hverfisfljót á Suðausturlandi verði tekin í gagn. Enn eru þó einhverjar vikur í að fyrsti bíllinn fari yfir brúna en framkvæmdin hefur að sögn verktaka tafist vegna skorts á aðföngum sem er heimsvandamál þessa dagana.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ihor missir líklega af ávarpi Selenskijs

georg@frettabladid.is

ÚKRAÍNA „Ég held að Selenskij muni biðja Íslendinga um að styðja Úkraínu áfram og hann mun þakka þeim fyrir að nefna torg í Reykjavík Kænugarðstorg,“ segir Ihor Stakh, úkraínskur blaðamaður sem fékk dvalarleyfi af mannúðarástæðum á Íslandi árið 2020.

Hann nefnir líka flóttafólkið sem hingað hefur komið en fjöldi þess nálgast brátt þúsund frá upphafi innrásarinnar. „Selenskij mun líka þakka Íslendingum fyrir að hafa tekið við mörgum úkraínskum flóttamönnum.“

Ihor hafði ekki fengið fregnir af fyrirhuguðu ávarpi Úkraínuforseta til íslensku þjóðarinnar þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. Hann kveðst því miður ekki geta horft á ávarp Selenskijs



Selenskij mun þakka Íslendingum fyrir að hafa tekið á móti mörgum Úkraínu-mönnum.



Ihor Stakh fékk hæli á Íslandi árið 2020.

í beinni útsendingu sökum þess að hann verður upptekinn í nýrri vinnu, en fyrsti vinnudagur hans er einmitt í dag. ■

Fjölmörg handtök milli allra leikja svo dæmið gangi upp

Það er í mörg horn að líta hjá starfsfólki Vals. Til 26. maí mun félagið spila 23 leiki, oft marga á sama deginum. Það mun gerast á morgun þegar félagið spilar tvo leiki að Hlíðarenda og einn í Kapla-krika í þremur íþróttum.

benediktboas@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Það verður í mörg horn að líta hjá stuðningsfólki Vals á morgun en þá spilar félagið þrjá leiki í meistaraflokkum.

Valskonur í handbolta byrja sitt undanúrslitaeinvígi gegn Þór/KA klukkan 18 og á sama tíma mun meistaraflokkur karla spila í Kapla-krika gegn FH. Þeim leik var flýtt vegna fyrsta leiks Vals í úrslitum körfuboltans gegn Tindastól sem hefst klukkan 20.30 að Hlíðarenda.

Theódór Hjalti Valsson, mannvirkja- og viðburðastjóri Vals, segir að það þurfi mörg snör handtök til að klára morgundaginn því um helgina sé svo handboltamót og árs-hátíð á laugardagskvöldið áður en Selfoss kemur í heimsókn á sunnudag í handboltanum.

Reyndar er dagskrá Vals í meistaraflokkunum þétt því til 26. maí mun lið Vals spila hið minnsta 24 leiki og jafnvel fleiri ef handboltaliðin fara áfram úr sínum einvígjum. Þá eru þrjár árshátíðir bókaðar í Valsheimilinu og ýmislegt fleira.

Það var því kannski viðbúið að viðtalið við Theódór væri í styttra lagi og reglulega truflað af öðrum starfsmönnum Vals sem þurftu svör um þetta eða hitt.

„Það er nóg að gera,“ segir Theódór og hlær.

„Það er stillt upp og tekið niður eftir handboltaleikinn til að setja strax upp fyrir körfuboltann og taka það allt niður. Árshátíðin verður svo á laugardagskvöldið sem þarf



Birkir Már, Lovisa og Kristófer Acox verða öll í eldlinunni á morgun fyrir Val.
MYNDIR/ERNIR, VALUR HANDBOLTI OG MÁRUS GUNNARSSON

24

Félagslíð Vals eiga skráða 24 leiki á 23 dögum og fleiri gætu bæst við ef handboltaliðin vinna sín evígi.

að taka niður því handboltamótið byrjar svo snemma á sunnudag sem verður svo tekið niður til að stilla upp fyrir leikinn á sunnudag,“ segir Theódór og svitnar nánast við að þylja þetta allt upp.

Það eru 24 Valsleikir skráðir á 23 dögum frá 3. maí til 26. maí á heima- og útivöllum.

„Ef við förum áfram úr handboltaeinvígjunum þá bætast þeir leikir við. Þetta eru bara meistaraflokkarnir. Það eru þrjár árshátíðir bókaðar í maí og þetta er einfaldlega blómlegur tími,“ segir Theódór.

Viðburðastjórinn kveðst nánast vakinn og sofinn yfir starfinu þessa dagana. „Ég er reyndar aðallega vakinn, minna sofinn,“ segir Theódór kíminn.

Leikmenn Meistaraflokkanna hjálpa til við að láta allt líta vel út en Theódór segir að margar hendur vinni létt verk.

Fyrir stuðningsmenn Vals sem komast ekki á völlinn er hægt að stilla á Stöð 2 Sport en sjónvarpsstöðin hefur verið nánast daglegur gestur að Hlíðarenda síðan í apríl.

„Í apríl og maí eru, ef ég er að telja rétt, búnar að vera 30 stórar útsendingar frá Hlíðarenda, í fót-, hand- og körfubolta,“ segir Theódór Hjalti Valsson. ■

Laugardaga kl. 10.00

Lífið er lag

Hagsmunir eldri borgara

HLAÐVARP

www.hotelbokanir.is/lifid-er-lag-hladvarp og á Spotify

Sigurður K. Kolbeinsson ræðir við ýmsa þekktu og óþekktu Íslendinga um lífið og tilveruna og sagðar eru skemmtilega sögur og frásagnir aftur í tímann sem mörgum kunna að þykja skemmilegar.

Siggi Hall er næsti gestur hlaðvarpsins.

LAND ROVER DISCOVERY SPORT

UPPGÖTVAÐU HRÍFANDI NÝJUNGAR



ABOVE & BEYOND



ALLTAF GLÆSILEGUR OG KRAFTMIKILL. DÍSIL EÐA PLUG-IN HYBRID – ÞITT ER VALIÐ!

Land Rover Discovery Sport er einn glæsilegasti millistærðarjeppi sem völ er á. Nýtt útlit minnir á stóra bróður, sjálfan Discovery, og innréttingin er öll með glæsilegasta móti. Verið velkomin í reynsluakstur því sjón er sögu ríkari.

LAND ROVER
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500





Íbúar telja bæinn hafa þrjá miðbæi.

Ólík viðhorf um hvar miðbærinn er á Suðárkróki

kristinnpall@frettabladid.is

SKAGAFJÖRÐUR Á síðasta fundi byggðarráðs Skagafjarðar var lagt til að hafin yrði hugmyndavinna að skipulagi og hönnun miðbæjar-svæðis á Sauðárkróki. Í nýju aðal-skipulagi séu þrjú miðsvæði nefnd og talað um að íbúar séu ekki vissir um hvað teljist miðbær.

Samþykkt var að málið yrði skoðað af skipulags- og byggingar-nefnd en hún hefur þegar lagt til að afmarkað verði svæði í skipulagi undir miðbæjarkjarna. ■



Framboðslistar á landinu eru 179.

Tæp tvö prósent þjóðarinnar gefa kost á sér 14. maí

adalheidur@frettabladid.is

KOSNINGAR Alls eru 6.367 einstaklingar í framboði til setu í sveitarstjórnnum landsins í kosningunum 14. maí. Þetta eru um 1,7 prósent þjóðarinnar. Fjallað er um tölfraði komandi sveitarstjórnarkosninga á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sæti í sveitarstjórnnum eru 470 í 64 sveitarfélögum en kosið verður milli lista í 51 sveitarfélagi. Alls eru framboðslistarnir 179 talsins og á bak við þá eru 25 listabókstafir. Aðeins átta bókstafir eru ekki í notkun í þessum kosningum. Þeir eru: Ð, É, Ó, R, Ú, X, Ý og Æ. ■

Kanna vindorkumöguleika í öllu Múlaþingi

kristinnhaukur@frettabladid.is

AUSTURLAND Múlaþing hefur fengið verkfræðistofu til að reikna út fyrir sig hvaða svæði eru fýsilegust til nýtingar vindorku. Þegar hafa tvö fyrirtæki fengið leyfi til að reisa til-raunamöstur.

„Sveitarfélagið er jákvætt fyrir því að skoða nýtingu vindorku,“ segir Stefán Bogi Sveinsson, oddviti Framsóknarflokksins og fyrsti vara-forseti bæjarstjórnar. „Markmiðið með þessari vinnu var að taka frum-

kvæðið í stað þess að bíða eftir að fyrirtæki komi til okkar og sækji um ákveðin svæði.“

Stefán segir fulltrúa Múlaþings vita af áhuganum. Orkusalan hefur fengið leyfi fyrir tilraunamastri við Lagarfossvirkjun og íslenskt dótturfyrirtæki hins norska Zephyr fengið leyfi á Fljótsdalsheiði.

Skýrslan mun brátt liggja fyrir en unnar voru keyrslur á líkönum fyrir allt sveitarfélagið. Kemur þá í ljós hvaða svæði fá góða einkunn og þykja hentug fyrir vindorkunýtingu.



Orkusalan og hið norska Zephyr hafa fengið leyfi fyrir til-raunamöstrum.

Samkvæmt Stefáni stendur til að gera nýtt aðalskipulag fyrir Múlaþing. Þessir útreikningar munu nýtast sem gagn inn í þá vinnu.

Vindorka er ekki óumdeild. Í Borgarfirði og Norðurþingi hefur til að mynda komið fram gagnrýni á að möstrin séu lýti og ávinningur sé takmarkaður atvinnulega séð. Vindorka er heldur ekki óumdeild í Múlaþingi. Til dæmis voru fulltrúar Vinstri grænna og Miðflokksins á móti leyfisveitingu til Orkusölnunnar á síðasta ári. ■

Reykjanesbær réttir hratt úr kútnum eftir mikla dýfu tengda faraldrinum

Hvergi beit faraldurinn fastar en í Reykjanesbæ þar sem fjórðungur íbúa var um tíma atvinnulaus. Þetta hefur snúist hratt við og afkoma bæjarsjóðs endurspeglar það.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SUÐURNES Rekstur Reykjanesbæjar var jákvæður um 2,1 milljarð króna á síðasta ári og 3,6 milljarða fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Í áætlun var gert ráð fyrir halla upp á 2,9 milljarða. Þetta kemur fram í árs-reikningi sveitarfélagsins sem faraldurinn hafði einna mest áhrif á.

„Við erum komin á góðan stað,“ segir Guðbrandur Einarsson, oddviti Beinnar leiðar og forseti bæjarstjórnar. „Við vorum skulðsettasta sveitarfélag á Íslandi en núna er skuldaviðmiðið 120 prósent í sam-stæðunni og 102 prósent í bæjar-sjóði. Þetta er langt niður fyrir þau viðmiðunarmörk sem Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga setur.“

Atvinnuleysi í bænum fór í 25 prósent um áramótin 2020 og 2021. Um vorið 2021 lækkaði það hratt og var komið í 11 prósent um sumarið. Atvinnuleysið hefur verið sigandi síðan og er nú um 9 prósent.

Önnur stór breyta í fjármálum Reykjanesbæjar er einskíptis færsla vegna yfirtöku eigna frá eignar-haldsfélaginu Fasteign í bæjarsjóð. Hún hljóðar upp á um 3,5 milljarða.

Hrein eign bæjarsjóðs er nú 12,6 milljarðar króna og samstæðunnar 28,3 milljarðar.

Spurður hvenær líklegt sé að efnahagsstaða Reykjanesbæjar verði komin á sama stað og fyrir hrun segist Guðbrandur búast við því strax á þessu ári. „Ég held að þetta



Afkoma Reykja-nesbæjar er beintengd við umsvifin á Keflavíkflug-velli og gengi ferðaþjónustunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN

Staðan á flugvellinum skiptir okkur öllu máli.



Guðbrandur Ein-arsson, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar

ár verði svipað og 2019,“ segir hann. Atvinnuleysistölurnar séu komnar niður fyrir það sem þær voru árið 2019. Hafa þeir þó í huga að fyrir faraldurinn hafði atvinnuleysi aukist nokkuð á Suðurnesjum vegna falls WOW air.

Guðbrandur telur að viðbrögðin við faraldrinum hafi skilað tilætluðum árangri. Viðspyrnustyrkir ríkisins hafi skipt miklu fyrir sveitarfélögin og þau væru almennt séð í mun verri stöðu í dag ef þeirra hefði ekki notið við. Það hafi ráðið úrslitum að fólk gæti verið í vinnu.

Reykjanesbær og Suðurnesin í heild er það svæði sem er viðkvæmast fyrir sveiflum í flugi og ferðaþjónustu. Í dag eru þessar tvær greinar að komast á fullt skrið. Guðbrandur bendur á að reksturinn í kringum flugvöllinn sé 40 pró-

sent af efnahagsumsvifum svæðis-ins. „Staðan á flugvellinum skiptir okkur öllu máli,“ segir hann.

Bein leið situr í meirihluta með Samfylkingu og Framsóknarflokki en Sjálfstæðisflokkur, Miðflokkur og Frjálst afl sitja í minnihluta.

Ársreikningurinn var samþykktur með öllum atkvæðum. Minnihlutinn lét bóka það á bæjarstjórnarfundum að niðurstöðunni væri fagnað. Hins vegar var lýst áhyggjum af þeim fjárhagsáætlunum sem unnið væri eftir.

„Í fjárhagsáætlunargerð síðustu ára hefur meirihlutinn stært sig af því að vanáætla tekjur og ofáætla gjöld til að hafa borð fyrir báru. En fyrr má nú aldeilis rota en dauðrota þegar tekjur eru vanáætlaðar um nærri tvo og hálfan milljarð,“ segir í bókuninni. ■

Komum sterk inn í sumarið

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að segja sína skoðun óháð áliti annarra
- Kjark til að tala um eigin líðan og annarra
- Leiðir til að eignast vini, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun
- Rveikja eldmóð og sýna seiglu



Námskeið hefjast:

- 9 til 12 ára Leiðtogabúðir 20. júní 8.45-17.00 4 dagar í röð
- 10 til 12 ára 13. júní 9.00-13.00 átta virka dagar í röð
- 13 til 15 ára 13. júní 13.30-17.00 átta virka dagar í röð
- 16 til 19 ára 3. ágúst 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
- 20 til 25 ára 30. maí 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti



*Hægt er að nota fristundastyrki bæjarfélaga sem greiðslu - Youth_Ad_040722

Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk



Meira dejlígt á dönskum dögum

Dönskum dögum líkur á sunnudag

HAGKAUP

Nyhed
på danske dage



25%
afsláttur

Ekta heimalöguð
lifrakæfa frá Hagkaup
Verð áður 799

599

kr/stk



Ekta danskt
smørrebrød

1.199

kr/stk

Nyhed
på danske dage



Fiskemandens sild

verð frá 329

kr/stk



Tulip grísaskankar

1.399

kr/pk



Ok Bacon crisp

349

kr/pk



Tulip Spareribs
Hægelduð rif

1.599

kr/pk

Tvö atvik gegn börnum nefnd í úttekt Garðabæjar á gæslu Hjalteyrarhjóna

VELFERÐARMÁL Ný úttekt um daggæslu sem Hjalteyrarhjónin svokölluðu sinnu í Garðabæ var kynnt fyrir bæjarráði á þriðjudag og verður tekin fyrir hjá bæjarstjórn bráðlega. Gunnar Einarsson bæjarstjóri á von á að úttektin verði gerð opinber innan skamms.

„Á grunni þeirra gagna sem safnað hefur verið er meginniðurstaðan að það liggi ekki fyrir vísbendingar um að hjónin hafi beitt þau börn ofbeldi sem voru í daggæslu eða leikskólavist hjá þeim. Fyrir utan lýsingar á tveimur atvikum frá starfsmanni,“ segir Gunnar.

Var það starfsmaður sem hafði starfað í stuttan tíma hjá hjónunum. Auk hans höfðu 20 foreldrar 25 barna og ein amma samband við Garðabæ eftir að bærinn auglýsti rannsóknina í lok ársins 2021.

Hjalteyrarhjónin Einar og Beverly Gíslason, sem eru nú látin, ráku barnaheimili í Eyjafirði á áttunda áratug síðustu aldar. Fólk hefur stigið fram og lýst kúgun og ofbeldi af hálfu þeirra og er málið til rannsóknar hjá dómsmálaráðuneytinu.

Árin 1996 til 2014 ráku hjónin daggæslu og leikskóla í Garðabæ með hléum. Þar dvöldu samanlagt um 200 börn.

“
Nú er verið að kynna skýrsluna fyrir starfsfólki og foreldrum.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar

Gunnar segir meirihluta þeirra sem höfðu samband við félagsráðgjafa bæjarins hafa lýst jákvæðri dvöl. Í þessu ferli hafi eftirlit bæjarins verið skoðað og verkferlarnir. Einnig hvort þeim sé fylgt í dag.

„Það kom í ljós að við hefðum mátt skrá betur heimsóknir. Bærinn tekur ábendingarnar til sín, einkum það sem varðar eftirlitið,“ segir Gunnar. Hann lítur á að úttektin, sem unnin var af EAÞ Ráðgjöf, sé fullnægjandi og að ekki sé þörf á frekari rannsókn. „Nú er verið að kynna skýrsluna fyrir starfsfólki og foreldrum. Við höfum náð í mikinn meirihluta þeirra sem höfðu samband við okkur.“ ■



Meðferðarheimilið Laugalandi er annað heimilanna sem stofnunin hefur til skoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Farið að lengja eftir svörum um Varpholt og Laugaland

Skil á skýrslu hins opinbera um vistheimilin Varpholt og Laugaland munu tefjast. Hlutar verkefnisins reyndust umfangsmeiri í rannsókn en búist var við.

tsh@frettabladid.is

VELFERÐARMÁL Skýrsla Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (GEV) um starfsemi vistheimilanna Varpholts og Laugalands mun tefjast um nokkra mánuði. Til stóð að skila skýrslunni í vor en að sögn Herdísar Gunnarsdóttur, nýskipaðs forstjóra GEV, mun það tefjast um einhvern tíma.

„Vinnan er langt komin og er nú unnið að lokasamantekt. Enn er ekki tímabært að gefa út hver verður útgáfudagur skýrslunnar, en við vonumst til að það skýrist fljótlega. Það má vænta þess að skýrslan verði tilbúin í sumar,“ segir Herdís í skriflegu svari til Fréttablaðsins.

Hjúkrunarfræðingurinn Gígja Skúladóttir er ein sex kvenna sem stígu fram í fyrra og lýstu ofbeldi sem þær segjast hafa verið beittar á Varpholti og Laugalandi, meðal annars af Ingjalði Arnþórssyni sem var forstöðumaður vistheimilanna frá 1997 til 2007.

Gígja fagnar því að von sé á skýrslunni og segist bjartsýn á að

“
Flestar stelpurnar sem voru þarna hafa ekki menntað sig, hafa orðið undir í lífinu og lifa við lágmarkskjör.



Gígja Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur

niðurstöður fáið von bráðar. Hún segir þó upplýsingagjöf lengi hafa verið ábótavant og að hana og aðrar konur sem vistaðar voru á Varpholti og Laugalandi hafi verið farið að lengja eftir svörum. Bót hafi þá orðið á því eftir að Herdís Gunnarsdóttir tók við sem forstjóri GEV.

„Það er svo skrytið að láta okkur ekki vita af hverju þetta tefst. Það gefur rými fyrir mikla tortryggni, því kerfið hefur brugðist okkur mjög mikið og það er engin ástæða fyrir okkur til að trúa bara í blindni á kerfið. En ég treysti þessari nefnd og mér finnst þetta mjög flottar

konur sem vinna í henni og ég hef aldrei efast um heilindi þeirra,“ segir Gígja.

Að sögn Herdísar er ein ástæða þess að vinna við skýrsluna hefur tafist sú að hlutar rannsóknarinnar reyndust umfangsmeiri en búist var við.

„Um er að ræða mjög viðamiklign verkefni og ákveðnir hlutar verkefnisins hafa reynt mun umfangsmeiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Því er enn mikilvæg lokavinnsla í gangi hjá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, sem er tímafrek og er unnin af mikilli kostgæfni,“ segir hún og bætir því við að nefndin muni leggja ríka áherslu á að vinna verkefnið af heilindum og fagmennsku.

Kona sem var vistuð á meðferðarheimilinu Laugalandi lýsti því nýlega í viðtali við Stundina að biðin eftir niðurstöðum rannsóknarinnar hefði orsakað áfallastreitu hjá henni. Gígja segist sjálf hafa haft góðan aðgang að sálfræðipjónustu en tekur undir að biðin hafi reynt mörgum kvennanna þungbær.

„Ég stend alveg ágætlega í lappirnar en ég get ekki ímyndað mér hvernig ég væri hefði ég ekki haft það og það eru margar konur sem eru alveg í rusli. Flestar stelpurnar sem voru þarna hafa ekki menntað sig, hafa orðið undir í lífinu og lifa við lágmarkskjör,“ segir hún. ■

Forsíðumynd Fréttablaðsins hluti af myndlistarsýningu Katrínar Agnesar

tsh@frettabladid.is

MYNDLIST Listamaðurinn Katrín Agnes Klar opnar einkasýninguna Pictures/Myndir í galleríinu Harbinger á morgun en prentverkið Mynd þrýðir forsíðu Fréttablaðsins í dag.

Í list sinni nýtir Katrín sér gjarnan almenningsrými og segir hún Fréttablaðið hafa samræmst listrænni sýn hennar einkar vel í ljósi útbreiðslu blaðsins.

„Mér fannst það eiginlega verða að vera Fréttablaðið. Því það er eina blaðið sem er frítt og flestir hafa aðgang að óháð heimilisfjárhag,“ segir Katrín.

Verkið á forsíðu Fréttablaðsins samanstendur af einni pensilstroku sem er gerð með myndvinnsluforritinu Photoshop og er í sama lit og einkennislitur blaðsins. Verkið var sett upp af framleiðsludeild Fréttablaðsins og prentað í prentsmiðju blaðsins. Þar með eru lesendur í raun orðnir eigendur prentlistaverks.



Katrín Agnes Klar, myndlistarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fréttablaðið er einnig að vissu leyti efniviður og umfjöllunarefni sýningar Katrínar og hyggst hún sýna forsíðu blaðsins í dag ásamt öðrum verkum í Harbinger.

„Mótifið á Fréttablaðinu er í samtali við hin verkin þannig að það verður gaman að sýna sýninguna sjálfa í næstu viku. Ég ætla einmitt líka að sýna forsíðuna á sýningunni,“ segir Katrín. ■

Ársfundur EFÍA 2022



Ársfundur Eftirlaunasjóðs FÍA verður haldinn föstudaginn 20. maí kl. 13 í Hlíðasmára 8 í Kópavogi.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á fundinum með umræðu- og tillögurétti.

Fundargögn má nálgast á vefsíðu sjóðsins, efia.is.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna
5. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins
6. Stjórnarkjör
7. Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál





Hver mínúta kostar okkur núna **114.155 KR.**

Kostnaður íslensku þjóðarinnar af samgöngutöfum á höfuðborgarsvæðinu nemur nú 114.155 krónum á mínútu. Áætlaður kostnaður þjóðarinnar af umferðartöfum á höfuðborgarsvæðinu nemur nú 60 milljörðum króna á ári og fer hratt vaxandi. Þessi sturlaði kostnaður leggst á nánast öll svið samfélagsins.

Samfélag:

Umferðartafir á höfuðborgarsvæðinu hafa þrefaldast frá aldamótum með tilheyrandi afleiðingum fyrir lífsgæði fólks á svæðinu.

Efnahagur:

Samgöngur eru súrefni hagkerfisins. Eftir því sem hægist á samgöngum höfuðborgarsvæðisins, öflugasta hagkerfi landsins, þeim mun meira verður fjárhagslegt tap þjóðarinnar.

Umhverfi:

Umframnotkun á jarðefnaeldsneyti sökum umferðartafa nemur nú 34 þúsund tonnum á ári, sem veldur svo aftur um 100.000 tonna CO2 útsleppi út í andrúmsloftið. Umferðartafir höfuðborgarsvæðisins eru einn stærsti loftslagsvandi þjóðarinnar.

Almenningur:

Einstaklingsbundinn kostnaður spannar allt frá lakari lífsgæðum að beinu fjárhagslegu tjóni.

Samgöngur fyrir alla skora á stjórnvöld að endurskoða samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga. Greiða má úr umferðartöfum á höfuðborgarsvæðinu innan samningsins með tiltölulega einföldum og hagkvæmum hætti, s.s. með því að gera Miklubraut ljóslausa, stórbæta almenningssamgöngur með aukinni ferðatíðni á næstu 1-2 árum og hægri settum sérakbrautum. Lítill sem engin þörf er á miðju-settum sérakgreinum sem áætlað er að kosti um 60-100 milljarða króna og taki allt að 16 ár að leggja. Þá hefur innviðaráðherra staðfest að ríkið muni **ekki** taka þátt í rekstri Borgarlínunnar.

Bætum umferð á höfuðborgarsvæðinu með hagsmuni almennings að leiðarljósi.



Samgöngur
FYRIR ALLA

Vanstilling



Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Það er örugglega ekki vinsæll þanka-gangur nú um stundir en samt skal spurt hvort æsingurinn vegna sölunnar á hlut ríkisins í Íslandsbanka sé ekki fullmikill?

Djöfulgangur stjórnarandstöðunnar er skiljanlegur þótt erfitt sé að hafa þolinmæði með honum. Stjórnarandstaðan þráir ekkert meir en að fella ríkisstjórnina og virðist tilbúin að grípa til hvaða ráða sem er til að það markmið náist. Um leið verða ýkjur, gífuryrði og útúrsnúningar sjálfsagður hluti af málflutningnum. Einmitt þetta gerir stjórnarandstöðuna ótrúverðuga í þessu ákveðna máli, eins og reyndar ýmsum öðrum.

Vissulega blasir við að í Íslandsbankamálinu var sumu klúðrað. Það jafngildir hins vegar ekki siðleysi, spillingu og svikum við þjóðina, þótt fjölmargir haldi því fram. Það hentar stjórnarandstöðunni til dæmis afskaplega vel að nota sem sterkust orð um söluna og sá fræjum tortryggni meðal almennings.

Í mótmælum á Austurvelli sjást margir þeir sem höfðu sig hvað mest í frammi í skrilslátum á þessum sama stað eftir bankahrún. Það hvarflar jafnvel að manni að þetta fólk sakni tímans þegar það gat æpt sem hæst og barið í potta og pönnur og sé nú að reyna að endurskapa hann. Þótt slatti af fólki sé á Austurvelli þá eru mótmælin nú ekki verulega fjölmenn. Það hljóta að vera umtalsverð vonbrigði fyrir æsingafólkið.


Flestir þeir pistlahöfundar sem harðorðastir eru vegna málsins eru yfirlýstir andstæðingar Sjálfstæðisflokksins og kalla ágæta ríkisstjórn, undir stjórn framúrskarandi forsætisráðherra, öllum illum nöfnum. Þar eru sem sagt á ferð „the usual suspects“.

Greinilegt er að fjölmargir sjá sér hag í því að viðhafa sem sterkust orð um söluna á Íslandsbanka. Þetta sama fólk segist hafa komið auga á aðalskrúkkinn, fjármálaráðherrann Bjarna Benediktsson, sem það segir skilyrðislaust eiga að segja af sér. Það er þó ekki eins og Bjarni hafi staðið einn að söluinni og persónulega skipulagt ferlið frá grunni. Ansi langsótt er að ætla að hengja hann.

Spyrja má hvort það hafi ekki alltaf legið fyrir að þetta fólk færi upp á háa c-ið hvernig sem hefði verið staðið að sölu Íslandsbanka. Það hefði ætíð þefað uppi tækifæri til að öskra uppáhaldsord sín: Spilling! Vanhæf ríkisstjórn!

Það er bæði sjálfsagt og eðlilegt að fara ofan í saumana á sölu Íslandsbanka, en þeir sem fá það hlutverk verða að búa yfir yfirvegun en ekki lifa í stöðugri vanstillingu. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Ný nöfn

Eftir mikla rannsóknarvinnu, fjölda hugarflugsfunda og djúpvitra yfirlegu hafa yfirvöldin í höfuðborg Íslands loksins afraðið að finna ný nöfn á þær fjórar þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur sem hingað til hafa einfaldlega verið kenndar við sitt hverfi. Nei, það mátti ekki vera til langrar eilíðar, enda geta hverfisnöfn verið helst til gildis-hlaðin fyrir þá sem búa í byggðajöðrunum í borginni. Verkefnið var raunar innanbúðarfólki í raðhúsinu ofvið, þar á meðal stórrí og myndarlegri upplýsingadeild borgarapparatsins, svo leita þurfti út fyrir Tjörnina til að finna ný nöfn á miðstöðvarnar – og því þá ekki að heyra í almenningi.

Vel áttuð

Efnt var til nafnasamkeppni sem upplýsingadeildin segir að fjöldi fólks hafi tekið þátt í og fjölbreyttar tillögur borist. Niðurstaða dómnefndar varð þó að kenna miðstöðvarnar við höfuðáttirnar fjórar, Vesturmiðstöð, Norðurmiðstöð, Austurmiðstöð og Suðurmiðstöð. Þetta er til marks um að borgaryfirvöld hafa loks náð áttum í þessu efni. En meginspurningin er þessi, af hverju að treysta almenningi þegar hægt hefði verið að kaupa þjónustu breska ráðgjafans Michael Ridley sem reyndist fjármálaráðuneytinu svo einstaklega ráðagóður í Íslandsbankasöluinni? Þar fer vanur maður – og ekkert svo dýr. ■

Umönnunarbilið burt



Sonja Ýr
Þorbergsdóttir
formaður BSRB

Nú styttest í sveitarstjórnarkosningar og eru kjósendur að gera upp hug sinn hvaða framboð fær þeirra atkvæði. Sveitarfélög sinna dýrmætri almannabjónustu og eitt stærsta verkefni þeirra er umönnun og menntun barna.

Samkvæmt niðurstöðum nýrrar skýrslu BSRB eru börn á Íslandi að meðaltali 17,5 mánaða gömul þegar þau komast inn á leikskóla. Meðaltalið endurspeglar þó ekki raunveruleika barnafjölskyldna um landið allt því mjög mismunandi er á milli sveitarfélaga hvenær leikskólaláss byðst, eða allt frá 9 mánaða til tveggja ára. Þannig kemst meirihluti barna að eftir 18 mánaða aldur. Þótt umönnunarbilið hafi minnkað undanfarin ár er ljóst að enn líður of mikill tími frá fæðingarorlofi og þar til barn fær pláss á leikskóla.

Um er að ræða risastórt vinnumarkaðsmál, kjaramál og jafnréttismál: Núverandi skipan leikskólamála takmarkar möguleika foreldra til þátttöku á vinnumarkaði að loknu fæðingarorlofi. Umönnunarbilið hefur neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna þar sem konur eru líklegri til að minnka við sig vinnu en karlar eða lengja fæðingarorlof. Þessi staða festir í sessi hefðbundnar (og úreltar) hugmyndir um umönnunarhlutverk kvenna því þær axla almennt meginábyrgð á bilinu með tilheyrandi launalækkun eða launatapi. Það stuðlar að launamun kynjanna. Bilið veldur barnafjölskyldum um allt land miklum vandræðum og oft tekjumissum þar sem margar hverjar þurfa að hagræða vinnu í marga mánuði, greiða mun hærri gjöld fyrir þjónustu dagforeldra ef sú þjónusta er á annað borð fyrir hendi eða treysta á ættingja til að annast barnið þar til leikskólaláss fæst.

Foreldrar ungna barna þekkja því vel þennan vanda. Það gera líka ömmur og afar og aðrir sem reyna að hjálpa til með því að passa börnin og bjarga því sem bjargað verður. Þetta er stór hópur kjósenda.

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga gerum við hjá BSRB þá kröfu að stjórnvöld gripi til aðgerða til að öllum börnum verði tryggð leikskólaláss að loknu fæðingarorlofi foreldra sama hvar þau búa á landinu. Og veiti þannig barnafjölskyldum hér á landi sambærilegan stuðning og gert er á hinum Norðurlöndunum. ■



Skil ekki

■ Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Það er margt í veröldinni sem ég skil ekki. Ég skil ekki af hverju harði diskurinn í tölvunni minni er alltaf yfirfullur þó að ég sé með öll gögnin mín í skýi. Ég skil ekki hvað þriggja fasa rafmagn er, þrátt fyrir að bæði rafmagnsverkfræðingur og rafvirki hafi reynt að útskýra það fyrir mér með bæði snjöllum myndlíkingum og teikningum. Ég set bara stút á munn og þykist skilja. Ég skil ekki upphaf alheimsins. Var ekkert á undan stórahvelli? Hvernig getur ekkert verið til? Ég skil ekki tímaflakk. Né heldur skammtafræði. Allar samræður um skammtafræði sem ég hef átt í eldhúspartíum eru í grunninn þrjár setningar: 1) „Þeir segja að það séu til tuttugu og eitthvað víddir“, 2) „Svakalegt að eitthvað geti verið til á tveimur stöðum á sama tíma“, og 3) „Það verður rosalegt þegar fyrsta skammtafræðitölvan kemur í búðirnar“.

Eftir þessar þrjár setningar er brunnurinn tæmdur og við tekur glíman við að halda andliti það sem eftir lifir samræðu. Taka sopa píreygður. Jánka. Humma. Þoka sér hægt burt.

Nú er búð, eins og frægt er orðið,

að selja umtalsvert magn af eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka. Ég held að enginn haldi því fram á þessum tímapunkti að sú sala hafi mælst vel fyrir eða verið sérstaklega vel heppnuð. Ákveðið hefur verið að leggja niður ríkisstofnunina sem sá um sölu. Fólk er ekki ánægt. Um þá óánægju – sem snýst ekki sist um það að útvaldir hafi fengið tækifæri til þess að græða á þessari sölu umtalsvert fé – þarf ekki að fjölyrða. Hún blasir við.

Óánægjuna er auðvelt að skilja og megi sú óánægja hafa einhverjar alvöru afleiðingar, að minnsta kosti þannig að svona klúður endurtaki sig ekki.

Annað skil ég hins vegar ekki. Það er þetta: Nú hefur hið opinbera greitt samanlagt í ráðgjöf og sölubókun vegna sölu bréfa í Íslandsbanka um tvo og hálfan milljarð. Ótal fyrirtæki hafa komið að verkefninu, sem fram hefur farið í tveimur lotum. Í vikunni var frétt um það að einn slíkur ráðgjafarsamningur hefði kostað 22 milljónir, bara svo dæmi sé tekið. Fyrir liggur að sérstök ríkisstofnun annaðist sölu. Þar að auki er fyrir hendi ráðuneyti á sviði fjármála, og annað á sviði viðskipta, þar sem innanborðs eru væntanlega nokkrir sérfræðingar. Samt þarf að kaupa ráðgjöf. Og það þarf að borga fólk þóknun fyrir að annast sölu bréfanna.

Gott og vel. Vafalítið er alls konar svona þjónusta mikilvæg. Ég býst við að á svona ferli séu ótal hliðar sem fjölmargir aðilar þurfi að hafa yfirsýn yfir og ekki skyldi ég gera lítið úr mikilvægi sérfræð-



”
Yfirleitt á ríkið engan pening. Svo greiðir ríkið allt í einu sumum fullt af pening.

inga sem leita þarf til, svo að svona ferli geti gengið vel fyrir sig og allir séu ánægðir og ekkert klúðrist. Eða sleppum þessu síðasta. Höfum punktinn bara á eftir “leita þarf til”.

Málið er þetta: Fólk sem ég þekki þurfti að láta teikna litils háttar breytingu á heimili sínu til þess að fá hana samþykkt hjá sveitarfélaginu. Þau teiknuðu þessa örbreytingu – svalahurð – eiginlega sjálf, í tölvunni, skrifuðu allan texta og sendu síðan á arkitekt, sem setti lögóid sitt á skjalið. Þau misstu kjálkann niður á bringu þegar reikningurinn kom frá stof-

unni. Hann var nokkur hundruð þúsund.

Mann langar í útskýringu. Í hvað fór tíminn? Nú borgar ríkið tvo og hálfan milljarð í þóknanir og ráðgjöf. Þessi upphæð er af því tagi að fyrir hana má byggja innviði, sem bæta líf fólks. Ég skil lítið í því hvaða úrlausnarefni geta verið svo flókin við sölu á hlutabréfum að sérfræðiaðstoð þurfi að kosta jafnmikið og góð skólabygging. Ég skil ekki heldur hvernig teikning á hurðargati kostar ein mánaðarlaun meðaltekjumanns.

Gaman væri að skilja þó ekki væri nema einn svona banka-sölusamning. Tökum þennan sem kostaði 22 milljónir. Áhuga-vert væri að vita, í þágu gagnsæis, hvernig tímavinnu var háttað einungis í einum slíkum afmörkuðum samningi, svo ekki sé talað um hversu fróðlegt það væri að sjá hið sama líka um alla hina. Hægt er að hafa 16 smíði í fullri dagvinnu í mánuð fyrir 22 milljónir. Hvað var smíðað fyrir ríkissjóð í þessu tilviki? Um hvað var fundað?

Grunsemdir mínar eru eftirfarandi: Ódýr ráðgjöf eða sérfræðipækking er lítils virði. Hér gildir að því dýrari sem þjónusta er, því betri. Ekki er endilega horft á gæði ráðgjafar til þess að meta gildi hennar, heldur á verðmiðann.

Það er eins og í sumum afkimum veruleikans gildi önnur peningalögmál en annars staðar. Yfirleitt á ríkið engan pening. Svo greiðir ríkið allt í einu sumum fullt af pening.

Það er önnur tegund af skammtafræði sem ég skil ekki. ■

Framfarir, farsæld og fagur bær



Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarstjóri
Hafnarfjarðar

Í Hafnarfirði verður kosið um áframhaldandi farsæld og framfarir í bæjarfélaginu en síðastliðin átta ár, frá því Sjálfstæðismenn komumst í meirihlutasamstarf, hefur gengið mjög vel við stjórnun bæjarfélagsins og góður árangur náðst.

Bærin blómstrar hvert sem lítið er; yfir eitt þúsund íbúðir í bygg-

ingu og annað eins að fara af stað, fjölmörg atvinnufyrirtæki flytja til bæjarins og fjörföldun orðið í sölu atvinnulóða, leik- og grunnskólastarf framúrskarandi, menningar-, íþrótt- og mannlíf aldrei verið blómlegra, álögur og gjöld á íbúa og fyrirtæki lækkuð jafnt og þétt og þjónustan sífellt aukin og eflð á flestum sviðum. Enda mælist mikil ánægja íbúa í þjónustukönnunum þar sem um 90% segjast ánægð með bæjarfélagið.

Kjósum áfram árangur, velferð og blómlegt mannlíf
Undir okkar stjórn hefur ábyrg fjármálastjórnun verið í fyrirrúmi og fjárhagur bæjarins styrkst umtals-

”
Sú mikla íbúðauppbygging sem er í gangi mun leiða til þess að íbúum fjölgi um 7.500 manns á næstu fjórum til fimm árum.

vert. Raunskuldir Hafnarfjarðarbæjar hafa lækkað, skuldaviðmið og skuldahlutfall hafa því lækkað með hverju árinu og framkvæmt hefur verið að mestu fyrir eigið fé bæjarins. Traustur fjárhagur er grunnur þess að hægt sé að halda áfram að efla þjónustuna til fjölbreyttra hópa samfélagsins. Þannig getum við haldið áfram að efla íþrótt-, menningar- og listalíf, haldið áfram uppbyggingu og haldið áfram að fegra okkar góða bæ í orðsins fyllstu merkingu. Við höfum með bættem fjárhag haft stóraukið svigrúm til að efla þjónustuna, við höfum getað hlúð vel að félagslega kerfinu og þeim sem minna mega sín og þjónað fjölbreyttum þörfum

íbúanna með sóma. Því ætlum við að halda áfram. Sú mikla íbúðauppbygging sem er í gangi mun leiða til þess að íbúum fjölgi um 7.500 manns á næstu fjórum til fimm árum. Undirbúningur þess er í fullum gangi og mikilvægt að halda vel á spöðunum til að innviðir og þjónusta við nýja íbúa verði eins og best verður á kosið.

Ég hvet Hafnfirðinga til að kjósa áfram árangur, velferð, blómlegt mannlíf og framfarir í Hafnarfirði og tryggja Sjálfstæðisflokknum gott umboð til að vera í forystu í næsta meirihluta bæjarstjórnar. Því er brýnt að Hafnfirðingar merki við D í kosningunum þann 14. maí. Hvert atkvæði skiptir máli. ■



ÍÞRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ FÖSTUDAGA KL. 19.00

Benedikt Bóas fær til sín góða gesti til að ræða íþróttavíkuna sem leið og skoðar það helsta sem gerðist á léttu nótonum.



HRINGBRAUT

Merkisatburðir

- 1882** Á Vestfjörðum rofar til eftir stórhrið sem staðið hefur óslitið í 27 daga.
- 1981** Framhaldspátturinn Dallas hefur göngu sína í íslenska ríkissjónvarpinu.
- 1986** Hornsteinn er lagður að húsi Seðlabankans, á 25 ára afmæli bankans.
- 1988** Allir 36 farþegar og áhöfn farast er flugvél hrapar í fjallinu Torghatten á Brønnøy í Noregi.
- 1994** Mannréttindasáttmáli Evrópu er lögtekinna á Íslandi.
- 2013** Þrjár konur sem saknað hafði verið í meira en ára-tug koma í leitirnar á lífi í borginni Cleveland í Ohio í Bandaríkjunum.



Ástkær eiginmaður,
faðir, tengdafaðir og afi,
Benedikt Þór Valsson
þjóðhagfræðingur,
Njálsgötu 110, Reykjavík,

lést á heimili sínu þann 28. apríl.
Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju,
fimmtudaginn 12. maí kl. 13.00.

Purður Ingunn Nikulásdóttir
Eyþór Benediktsson **Guðrún F. Guðmundsdóttir**
Brynjar N. Benediktsson
Ingi Valur Benediktsson **Guðrún Edda Hólmgrímsdóttir**
Eydis Benediktsdóttir **Þorvaldur Örn Valdimarsson**
og barnabörn.



Jofríður Anna Jónsdóttir

sem lést á heimili sínu í Jessheim
í Noregi þann 26. apríl
verður jarðsungen frá Bústaðakirkju
nk. mánudag, 9. maí, kl. 13.00.
Jarðsett verður í Setbergskirkjugarði,
Grundarfirði.

Rune Johansen **Sarah May Bailey**
Hjálmar Johansen
Jónas Johansen
Rúnar Johansen
Jón Þorsteinsson **Sigríður A. Þórðardóttir**
Þorgerður Sólveig Jónsdóttir **Michael Daemgen**
Margrét Arnheiður Jónsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Hanna Björk Hlökkversdóttir

lést á Landspítalanum við Hringbraut
mánudaginn 2. maí.
Útför verður auglýst síðar.

Hlökkver Reyr Sigurjónsson
Sunna Reyr Sigurjónsdóttir
Sveinn Reyr Sigurjónsson
og fjölskyldur.



Ástkær móðir mín,
Þorbjörg Maggý Jónasdóttir
Hjúkrunarheimilinu Bergi
í Bolungarvík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun
Vestfjarða þann 26. apríl verður
jarðsungen frá Hólskirkju í Bolungarvík
laugardaginn 7. maí kl. 14. Streymt verður frá athöfninni á
Facebook-síðu Viðburðastofu Vestfjarða.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Sigríður Jóna Bragadóttir



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma,
langamma og langlangamma okkar,
Bjarney Jónsdóttir
Sigtúni 43, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
föstudaginn 29. apríl.
Útför hennar fer fram frá Áskirkju
þriðjudaginn 10. maí klukkan 13.

Kristinn Einarsson **Margrét Hallsdóttir**
Guðrún Einarisdóttir **Sumarliði Jónsson**
barnabörn og makar, barnabarnabörn og makar,
barnabarnabarnabarn.



Sýningarnefndin, Jón Páll Björnsson, Helga Maureen Gylfadóttir, Guðbrandur Benediktsson og Iris Gyða Guðbjargadóttir.

Rekja sögu Reykjavíkur

Borgarsögusafn opnar nýja
sýningu í Aðalstræti á laugardag
þar sem saga Reykjavíkur er rakin
frá landnámi til samtímans.

arnartomas@frettabladid.is

Landnámssýningin við Aðalstræti 16 var opnuð í maí 2006 og er miðpunktur hennar skálarúst frá 10. öldinni sem fannst þegar gatan var endurnýjuð árið 2000. Á sama tíma var elsta hús Kvosarinnar, Aðalstræti 10, gert upp af Minjavernd og gerð voru undirgöng milli Landnámssýningarinnar að því húsi. Á morgun verður opnuð ný sýning sem teygir sig milli húsanna tveggja og rekur sögu borgarinnar frá landnámi, gegnum miðaldir og að samtímanum.

„Við rekjum söguna af því hvernig Reykjavík og jarðirnar þar í kring þróast með tilliti til sérstakra þátta á borð við útgerð, sjálfsþurftarbúskap og hvernig fólk lifði,“ segir Guðbrandur Benediktsson safnstjóri Borgarsögusafns. „Áherslan er á líf almennings. Þeir rýnihópar sem við förum af stað með fyrir þessa sýningu og aðrar hafa leitt það skýrt í ljós að fólk hefur áhuga á lífi almennings. Hvernig bjó það, hvað gerði það og hvernig leið því?“

Engu að síður er rauði þráðurinn í sýningunni þróunarsaga Reykjavíkur og hvernig borgin hefur vaxið frá þeim miðpunktum sem Aðalstrætið var og er.

Tíðarandinn fangaður

Sagan sem sýningin rekur hefst neðanjarðar á landnámssýningunni og þegar komið er upp í Aðalstræti 10 er komið á tuttugustu öldina þar sem timburhúsaöldin er tekin fyrir.

„Við erum með stórt mól af Aðalstrætinu, mikla listasmíð sem Þórarinn Blöndal og Finnur Arnar Arnarson gerðu, þar sem hægt er að sjá hvernig strætið leit út 14. september 1906,“ segir Guðbrandur sem útskýrir að með nútímatækni hafi líkanið verið glætt enn frekara lífi. „Við notumst við viðbættan veruleika þar sem hægt er að horfa í sérstaka kíkja þar sem persónur spretta fram.“

Guðbrandur segir að gestir sem nýti sér viðbættu veruleikann eigi meðal annars von á að sjá konur segja slúðursögur og norska sjómenn í slagsmálum.

„Við erum að reyna að fanga tíðarandann og bæjarbraginn frá þessum tíma.“

Fjalaköttur og flugvöllur

Á sýningunni má einnig finna myndverk byggt á gömlum ljósmyndum, unnið



Sigríður og Geir Víðalín biskup bjuggu í húsinu á fyrri hluta 19. aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Verslun Silla og Valda endurlífguð en hún hóf starfsemi sína í Aðalstræti 10 árið 1927.



Áherslan er á líf almennings.

af Ísold Uggadóttur, sem hefur vísun í Fjalaköttinn sem stóð við Aðalstræti til ársins 1985. Þá er gerð grein fyrir ýmsum tímabilum í sögu borgarinnar, til dæmis tillögum að hinni svokölluðu bílaborg þar sem hugmyndir voru um að ryðja Grjótaþorpið til að leggja þar hraðbraut.

„Atburðurinn sem setti einna helst strík í reikninginn í skipulagsmálum og þróun Reykjavíkur var síðari heims-

styrjöldin, koma Bretanna og síðar Bandaríkjamanna, sem kippti stöðnuðu samfélagi inn í samtímann,“ segir Guðbrandur. „Helsti tákngevingur um þá sögu er flugvöllurinn í Vatnsmyrinni. Við gerum grein fyrir þessum tíma eftirstríðsáranna og þeim úthverfum sem spruttu upp í kjölfarið. Myndunum er varpað fram í stóru strætósýni sem bindur borgina saman og við höfum í gríni kallað Borgarsögulinuna.“

Sýning Borgarsögusafns Reykjavíkur hefst með götuhátið í Aðalstræti á morgun, laugardaginn 7. maí, á milli klukkan 13 og 16. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri setur sýninguna auk þess sem félagar frá Rimmugýgi, Heimilisíðnaðarfélaginu og Fornbílaklúbbi Íslands verða á staðnum. Aðgangur er ókeypis. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 6. maí 2022

KYNNINGARBLAÐ



Dansinn mun duna í Borgarbókasafni-
inu Sólheimum á morgun, laugardag.

Suðræn sveifla í Sólheimum

starri@frettabladid.is

Suðræn sveifla verður í fyrirrúmi
í sérstöku danskafti í Borgarbóka-
safninu Sólheimum á morgun,
laugardaginn 7. maí.

Þar mun danskennarinn Sesselja
Magnúsdóttir, betur þekkt sem
Sessý, kenna gestum grunnsþorin
í nokkrum suðuramerískum
götudönsum eins og bachata,
merengue og salsa.

Suðuramerískir götudansar eru
sannarlega ætlaðir öllu fólki, óháð
aldri og danskunnáttu og þá er
hægt að dansa við alls kyns tilefni.

Þátttakendur þurfa engan sér-
stakan grunn fyrir danskaftið.
Það eina sem þarf er þægilegur
fatnaður og skór.

Sessý hefur dansað suðuramer-
íska dansa í þrettán ár og kennt
salsa og bachata í sex ár hjá BFA
(Bachata fyrir alla – hjá Sessý) þar
sem hún deilir ástriðu sinni fyrir
latíntónum og -töktum.

Danskaftið stendur yfir í
klukkustund, frá klukkan 15 til
16, og er hægt að lofa miklu fjöri
og gleði undir hressandi tónlist frá
Suður-Ameríku.

Danskaftið er haldið í Borgar-
bókasafninu Sólheimum, Sólheim-
um 23a, 104 Reykjavík. Aðgangur
er ókeypis.

Nánar á Facebook-síðu Borgar-
bókasafnsins. ■



Guðmundur las í blaði að OsteoStrong gæti hjálpað honum að losna við bakverki. Það hefur komið honum á óvart hversu vel æfingarnar virkuðu á líkamann.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Líkaminn endurnýjast við ástundun hjá OsteoStrong

Guðmundur Helgi Hjaltalín er kerfisfræðingur sem rekur gistiheimili með bróður sínum
í frítímanum. Hann er 45 ára, á tvö ung börn og spilar enn fótbolta og körfubolta í hverri
viku. Hægt er að fá frían prufutíma hjá OsteoStrong ef fólk vill kynnast æfingunum. **2**



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA
MELTING & BÓLGUR



85%
VIRKT
CURCUMIN

BIOGENIC[®]
ALOE VERA
WITH TURMERIC

Swelling | Digestive Tonic

www.celsus.is

„Ég var búinn að vera með verk í baki í nokkurn tíma. Ég á ung börn, þriggja og fimm ára, maður er alltaf að taka þau upp og bera. Þá bara stendur ekki til boða að vera með verk í bakinu,“ segir Guðmundur.

Býr í 100% líkama – 10 árum yngri
„Það var grein í Fréttablaðinu um mann sem hafði náð að losa sig við bakverki með æfingum frá OsteoStrong. Þegar ég las greinina hugsaði ég með mér að fyrst hann gæti það, þá gæti það líka virkað fyrir mig. Ég mætti í nokkur skipti og var smá spældur því fyrst fannst mér ekkert gerast. Á öðrum mánuði var ég orðinn allur annar og núna finnst mér ég bara búa í líkama sem er 100%. Ég held að það sé enginn munur á mér líkamlega núna og fyrir tíu árum og ég þakka það æfingunum mínum hjá OsteoStrong.

Betra jafnvægi í boltanum
„Ég er búinn að spila fótbolta síðan ég var fimm ára. Ég spila fótbolta tvisvar í viku og körfubolta einu sinni í viku sem er ágætis hreyfing, ekki síst miðað við hvað ég er orðinn gamall, það eru svo margir löngu dottnir úr æfingum vegna meiðsla. Ég finn það á æfingum í boltanum að jafnvægið er orðið betra, þó að það hafi svo sem ekkert endilega verið að trufla mig áður, það er alltaf gott að finna fyrir framförum og verða betri í því sem manni finnst skemmtilegt.“

Af hverju OsteoStrong?
„Fyrst kom ég til þess að losa mig við bakverk en æfingar hjá OsteoStrong eru til að byggja mann upp. Þær auka styrk og losa mann við verki en ég upplifi ekki síður að líkaminn endurnýist við ástundun og að þær virki sem forvörn fyrir slysum eða óhöppum. Ég fékk högg aftan á lærið í boltanum í vor, fékk ráðleggingar um að taka því rólega og bjóst við að verða marga mánuði frá æfingum. En ég náði mér furðu fljótt þannig að ég missti bara tvær vikur úr boltanum. Mér fannst þetta lygilegt. Ég var fljótur að jafna mig og ég trúði því að þar hafi grunnurinn frá OsteoStrong komið sér vel.“

Gott að koma
„Það er svo gott að koma í OsteoStrong. Starfsfólkið er frábært, andrúmsloftið er jákvætt og gott að vera. Þvílíkur munur að geta gengið að því. Ég bý í Mosfellsbæ og vinn í Smárahverfinu þannig að þetta er alveg smá krókur til þess að ná í æfingarnar í Hátúninu en það er þess virði fyrir mig,“ segir Guðmundur enn fremur.

Gott fyrir tímabundna
OsteoStrong tekur bara 20 mínútur einu sinni í viku og á einu ári eru meðlimir að styrkja sig um 73%. „Aðrar styrktaræfingar taka svo langan tíma og ég var oft með strengi eftir þær sem truflaði mig. Eftir æfingar hjá OsteoStrong finn ég ekki fyrir neinu slíku. Ég er kerfisfræðingur hjá Tryggingastofnun og svo tek ég þátt í því með bróður mínum að reka gisti-hús á Ísafirði í frítímanum. Hann lætur allt gerast og ég læt allt ganga upp. Auk þess á ég tvö litil börn og yndislega eiginkonu og passa að hafa alltaf tíma til að stunda boltann þannig að það skiptir mig miklu máli að geta stundað þetta á svona stuttum tíma en ekki síður að finna að það sé að skila árangri,“ bætir hann við.

Óvart aftur armbeygjur
„Ég er spennur yfir þeim breytingum sem ég er að finna fyrir í



Einbeitingin leynir sér ekki í æfingunum hjá Guðmundi enda hefur hann fundið fyrir góðum árangri.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fyrst kom ég til þess að losa mig við bakverk en æfingar hjá OsteoStrong eru til að byggja mann upp. Þær auka styrk og losa mann við verki en ég upplifi ekki síður að líkaminn endurnýist við ástundun og að þær virki sem forvörn fyrir slysum eða óhöppum.

líkamanum og ég sé fyrir mér að klára alla vega ár hjá OsteoStrong. Ég vil finna hvaða möguleikar langtímaástundun getur fært mér. Ég til dæmis komst óvænt að því um daginn að ég væri sterkari en ég hélt. Fyrir rúmunum fimm árum gerði ég átak í því að æfa armbeygjur og ef ég vandaði mig í beitingu þá náði ég góðum 30 en meira ef ég varð kærulaus. Ég er ekki búinn að gera neinar armbeygjur síðan þá. Ég tók upp á því á fótboltaæfingu um daginn að endurtaka leikinn og þrátt fyrir að hafa ekki gert neinar armbeygjur í þessi ár þá gat ég gert 30 armbeyjur aftur og með hárréttri beitingu. Ég trúði því nú varla sjálfur.“

Meðlimir geta átt von á að:

- Auka styrk
- Minnka verki í baki og liða-mótum
- Lækka langtímaþlódýskur
- Auka beinþéttni
- Bæta líkamsstöðu
- Auka jafnvægi
- Minnka líkur á álagsmeiðslum

Frír prufutími
„Það er boðið upp á fría prufutíma á miðvikudögum í Ögurhvarfi 2 og á fimmtudögum í Hátúni 12. Ég hvet alla til að bóka sig á osteo-strong.is eða í síma 419 9200.“




Flestir geta gert æfingarnar í OsteoStrong og það tekur stuttan tíma að ná árangri til dæmis í jafnvægi.



OsteoStrong er á tveimur stöðum, í Hátúni 12 og Ögurhvarfi 2 í Kópavogi. Hægt er að fá frían prufutíma.



Það er boðið upp á fría prufutíma á miðvikudögum í Ögurhvarfi 2 en á fimmtudögum í Hátúni.



KVIKMYNDIR

mánaðarins

TOM CRUISE

TOP GUN MAVERICK

KEMUR Í BÍÓ 25. MAÍ

SKYDANCE

Top Gun Movie
Top Gun
h



BÍÓBÆRINN

MEÐ GUNNARI ANTONI GUÐMUNDSSYNI
OG ÁRNA GESTI SIGFÚSSYNI

MIDVIKUDAGA KL. 20.00



HRINGBRAUT



Maverick snýr aftur og nú í hættulegasta verkefni ferilsins

Eftir meira en 30 ára feril sem einn öflugasti orrustuflugmaður bandaríska sjóhersins er Pete „Maverick“ Mitchell (Tom Cruise) nákvæmlega þar sem hann vill vera, ávallt á ystu nöf sem tilraunaflugmaður og kemur sér fimlega undan stöðuhækkunum sem myndu binda hann á bak við skrifborð.

Þegar hann þjálfar sveit valinna flugmanna, sem farið hafa í gegnum Top Gun-þjálfunina, fyrir verkefni sem er meira krefjandi en nokkur flugmaður hefur nokkru sinni þurft að takast á við, hittir Maverick Bradley Bradshaw liðsforingja (Miles Teller). Kallmerki hans er „Rooster“ og hann er sonur Nick Bradshaw, hins látna vinar Maverick sem var ratsjármið-unarmaður og hafði kallmerkið „Goose“.

Maverick stendur frammi fyrir ótryggri framtíð og þarf að kljást við drauga fortíðar. Hann dregst inn í baráttu við sinn djúpstæðasta ótta, baráttu sem nær hámarki í verkefni sem krefst hinnar fullkomnu fórnar af hverjum þeim sem valinn er til þátttöku í því.

Ekki hvað heldur hver

Ef til vill er það ein setning í Top Gun: Maverick sem lýsir myndinni betur en aðrar. Viðeigandi er að hún fellur í samtali milli tveggja hettja sem komu við sögu í upphaflegu Top Gun-myndinni, Maverick sem Tom Cruise leikur og Val Kilmer sem leikur Iceman eins og í fyrri myndinni þegar hann var svarinn andstæðingur Maverick en nú er hann orðinn hans helsti bandamaður og félagi. „Þetta snýst ekki um hvað ég er,“ segir Maverick við Iceman. „Þetta snýst um hver ég er.“

„Ég var búinn að hugsa um framhald á Top Gun í öll þessi ár,“ segir Tom Cruise þegar hann er spurður að því hvers vegna hann snúi fyrst núna aftur í hlutverkið sem er kannski hans þekktasta hlutverk.

„Fólk var búið að biðja um framhald í áratugi. Áratugi. Allt frá byrjun sagði ég við stúdíóið: „Ef ég á að skoða þetta í alvöru verður að taka þetta í raun og veru. Ég verð í þessari F/A-18 flugvél, punktur. Svo við verðum að hanna mynda-

Fróðleikur

- P-51 Mustang-vélin úr seinni heimsstyrjöldinni sem sést í myndinni er í eigu Tom Cruise sem er sjálfur mjög fær flugmaður.
- Tom Cruise setti sem skilyrði fyrir þátttöku sinni í myndinni að öll flugatriði yrðu kvikmynduð í raun og veru en ekki notuð tölvugrafík eða sjónhverfingar af neinu tagi.
- Óvist var hvort Val Kilmer gæti leikið í myndinni vegna þess að hann þjáðist af krabbameini í hálsi.
- Tom Cruise er í dag eldri en Tom Skerrit var þegar hann lék Viper í upphaflegu Top Gun-myndinni.
- Tom Cruise staðfesti fyrst opinberlega að þessi mynd yrði gerð í áströlskum morgunsjónvarpsþætti árið 2000.

» **Maverick dregst inn í baráttu við sinn djúpstæðasta ótta, baráttu sem nær hámarki í verkefni sem krefst hinnar fullkomnu fórnar af hverjum þeim sem valinn er til þátttöku í því.**

Engin tölvugrafík

Fólk var í mörg ár búið að segja hvort ég gæti ekki gert þetta með tölvugrafík og svarið var alltaf: „Nei. Þannig gengur það ekki fyrir sig.“ Ég sagðist þurfa að finna réttu söguna. Svo þyrftum við rétta teymið. Að gera þessa mynd er eins og reyna að hitta byssukúlu með annarri byssukúlu. Ég er ekkert að grínast.“

Um Jerry Bruckheimer segir Cruise: „Hann er goðsögn í kvikmyndaframleiðslu. Einn af þessum stóru í Hollywood.“ Og efinhver veit þetta þá er það Tom Cruise. Jerry Bruckheimer og félagi hans

Frumskýnd
25. maí 2022

Aðalhlutverk:

Tom Cruise, Jennifer Connelly, Miles Teller, Val Kilmer, Jon Hamm og Ed Harris

Handrit:

Ehren Kruger, Eric Warren Singer og Christopher McQuarrie

Leikstjóri:

Joseph Kosinski



Don Simpson, sem var goðsögn eins og Bruckheimer en er nú látinn, tóku Tom Cruise undir sinn verndarvæng við framleiðslu Top Gun þegar þeir völdu þennan 21 árs leikara í aðalhlutverk myndarinnar.

Markmiðið að skemmta

„Þegar við byrjuðum að vinna við þessa nýju mynd vorum við að vinna í handritinu og ég leit á Jerry og mér leið bara eins og ég væri orðinn krakki aftur, eins og ég var 1985 þegar ég var að vinna með honum. Ég man að ég vildi læra allt sem hægt var að læra um hlutverk kvikmyndaframleiðandans,“ segir Cruise. „Don og Jerry voru mér mjög góðir og leyfðu mér að vera með á fundum þegar ég bað um það. Top Gun markaði tímamót á ferli mínum. Eins og Jerry hefur markmið mitt alltaf verið að segja stórkostlegar sögur og skemmta fólki. Það var mitt markmið.“ ■

Sambíóin, Laugarásbíó, Smárabíó og Háskólabíó



Að gera þessa mynd er eins og reyna að hitta byssukúlu með annarri byssukúlu.

Popp & Coke

HAMINGJUSAMT HJÓNABAND Í ÖLL ÞESSI ÁR



Meistaraverk Stephen King aftur á hvíta tjaldið

Í meira en áratug hafa Andy og Vicky verið á flóttu undan dularfullri alríkisstofnun sem vill nýta einstaka hæfileika Charlie dóttur þeirra sem gereyðingarvopn og reynir að handsama hana og ná stjórn á henni í þeim tilgangi. Andy hefur kennt Charlie að hemja krafta sína en þeir virkjust þegar hún reiðist eða finnur fyrir sársauka. Nú er Charlie er orðin ellefu ára og ærfiðara verður að halda þeim í skefjum. Eftir að atvik flettir ofan af dvalarstað fjölskyldunnar er leyndardómsfullum útsendara falið að fara á eftir fjölskyldunni og handsama Charlie í eitt skipti fyrir öll en Charlie hefur annað í huga. Metsölubók Stephen King, Firestarter, kom út árið 1980 og sló í gegn. Árið 1984 var myndin Firestarter frumsýnd. Í henni lék Drew Barrymore Charlie á eftir-minnilegan hátt. Nú hefur sagan verið færð í búning 21. aldarinnar. Framleiðendurnir Jason Blum og Akiva Goldman, sem áður höfðu unnið saman að Paranormal Activity-myndunum, vildu kynna þessa frábæru spennuhrollvekju fyrir nýrri kynslóð. „Það er komin ný kynslóð hryllingsmyndaaðenda sem hefur kannski heyrt um fyrri myndina en þau hafa ekki séð hana,“ segir Blum. Goldman fannst upplagt að fá tækifæri til að fara höndum um höfundarverk King með Blum. „King er fremstur meðal jafningja,“ segir hann. „Hann er merkur höfundur og hefur örvað ímyndunar-afl mitt meira en nokkur annar.“ ■

Háskólabíó, Sambíóin Egilshöll og Smárabíó



Fróðleikur

- John Carpenter sem gerði tónlistina fyrir myndina átti upphaflega að leikstýra fyrri Firestarter-myndinni (1984) en hætt var við það eftir að næsta mynd hans á undan, The Thing (1982), náði ekki flugi. Hann leikstýrði hins vegar annarri mynd eftir sögu Stephens King, Christine (1983).
- Mark. L. Lester, sem leikstýrði fyrri myndinni, var ekki beðinn um að koma að gerð þessarar myndar.
- Ryan Kiera Armstrong, sem leikur Charlie, hefur þegar leikið í stór-myndum á borð við Black Widow (2021), The Tomorrow War (2021) og The Art of Racing (2019) þrátt fyrir að vera aðeins 12 ára.
- Zac Efron, sem leikur Andy, elskar að leika en það sem hann heldur mest upp á er safn sem hann á af árituðum hafnaboltum.
- Zac Efron fékk einu sinni tilboð um plötusamning frá Simon Cowell.


Eftir að atvik flettir ofan af dvalarstað fjölskyldunnar er leyndardómsfullum útsendara falið að fara á eftir fjölskyldunni og handsama Charlie í eitt skipti fyrir öll en Charlie hefur annað í huga.

Frumskýnd
13. maí 2022
Aðalhlutverk:
Zac Efron, Ryan Kiera Armstrong, Gloria Reuben, Kurtwood Smith, Sydney Lemmon, Michael Greyeyes og Tina Jung

Handrit:
Scott Teems – byggt á bók Stephen King

Leikstjóri:
Keith Thomas

16



Magnaður spennutryllir með Liam Neeson

Alex Lewis er leigumorðingi sem stendur á krossgötum í lífi sínu. Hann býr í El Paso í Texas og reynir að kljást við vaxandi minnisglöp á sama tíma og hann áformar að setjast í helgan stein. Alex er fús til að segja skilið við langan feril sem einkennst hefur af ofbeldi og leynd þegar gamall tengiliður ræður hann í eitt lokaverkefni. Verkefnið reynist hins vegar ekki neitt í líkingu við það sem Alex hafði reiknað með og hann lendir í miðri leyniaðgerð bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, sem Vincent Serra stýrir. Þegar Alex finnur vísbendingar um barnamísnotkun í tengslum við vændishring handan landamæraanna við Mexíkó, sem rekja má til áhrifamikils fasteignajöfurs í El Paso og sonar hennar, beinir hann FBI-teymi Serra leynilega í rétta átt. Þrátt fyrir að vanmáttugt minni hans sem gerir honum ókleift að muna smáatriði ögni lífi hans, beitir Alex þeirri leikni sem hann hefur aflað sér á langri ævi í myrkum skúmaskotum til að draga ógeðið fram í dagsljósið – en hann verður að gera það áður en öflugir aðilar gera út af við hann og eyðileggja leit Serra að sannleikanum. Leikstjórinn, Martin Campbell, sem leikstýrði Bond-myndunum Casino Royale og Golden Eye, auk The Mask of Zorro, vinnur hér í fyrsta sinn með Liam Neeson og niðurstaðan er mögnuð spennu-mynd um makleg málagjöld, hamslausa heift og frelsun. ■

Háskólabíó, Laugarásbíó og Smárabíó



Fróðleikur

- Memory er byggð á belgísku myndinni The Memory of a Killer (2003).
- Fyrir 22 árum lék Guy Pearce í kvikmynd um skammtímaminnisleysi sem hét Memento.
- Bæði Liam Neeson í þessari mynd og Guy Pearce í Memento skrifuðu minnismiða til sjálfra sín til að vega upp á móti minnisleysinu.
- Áður en hann skrifaði handritið upp úr upphaflega belgíska handritinu skrifaði Dario Scardapane handrit að fjórum þáttum Punisher (2017). Ray Stevenson, sem leikur í þessari mynd, lék Frank Castle í Punisher: War Zone (2008).

Verkefnið reynist hins vegar ekki neitt í líkingu við það sem Alex hafði reiknað með og hann lendir í miðri leyniaðgerð bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, sem Vincent Serra stýrir.


Frumskýnd
20. maí 2022
Aðalhlutverk:
Liam Neeson, Monica Bellucci, Guy Pierce, Rey Stevenson, Taj Atwal og Louis Mandylor

Handrit:
Dario Scardapane – eftir bók Jef Geeraerts

Leikstjóri:
Martin Campbell

16





Nýjar víddir og meiri ógn en nokkru sinni fyrr

Dr. Strange fer með forboðinn töfraseið sem opnar gátt inn í fjölheimana þar sem meðal annars er að finna aðrar útgáfur af honum sjálfum, sem eru slík ógn við mannkynið að jafnvel sameinaður kraftur Strange, Wong og Wöndu Maximoff má sín litils.

Í Doctor Strange in the Multiverse of Madness opnar kvikmynda-veröld Marvel fjölheimana og stepyr Dr. Strange inn í veröld sem er magnaðri og hrikalegri en áður hefur sést.

Með aðstoð yfirskilvitlegra bandamanna, gamalla og nýrra, heldur Dr. Strange inn í hið óþekkt og berst gegnum yfirnáttúrulegar hættur hliðarveruleika fjölheimanna til að takast á við dularfullan nýjan andstæðing.

Dr. Strange birtist fyrst í 110. tölublaði Marvel-teiknimynda-sögunnar Strange Tales. Skaparar hans voru listamaðurinn Steve Ditko og rithöfundurinn Stan Lee.

Svo liðu 53 ár þar til meistari dulrænna lista birtist í kvikmyndaheimi Marvels í myndinni Doctor Strange árið 2016.

Í Doctor Strange in the Multiverse of Madness er fantasían tekin enn lengra inn á myrkara og kvíðvænlegra svæði en fyrr. Í upphafi ferðalags Dr. Stephens Strange á vit hinna dulrænu lista sagði sú Forná (The Ancient One) við hann: „Ef ég segi þér allt mundirðu hlaupa á brott óskrandi af skelfingu.“

Enginn hefði þá getað gert sér í

Fróðleikur

- Doctor Strange in the Multiverse of Madness er fyrsta myndin sem Sam Raimi leikstýrir í 9 ár, frá því að hann gerði Oz the Great and Powerful (2013).
- Elizabeth Olsen flaug til London til að leika í þessari mynd aðeins tveimur dögum eftir að hún lauk tökum í WandaVision (2021).
- Myndin tengist og gerist eftir WandaVision (2021), Loki (2021), What If...? (2021) og Spider-Man: No Way Home (2021).
- Framleiðendur myndarinnar segja að myndir Stevens Spielbergs, Indiana Jones and the Raiders of the Lost Ark (1981), Indiana Jones and the Temple of Doom (1984), Poltergeist (1982) og Gremlins (1984) hafi verið innblástur fyrir spennu- og hryllingsatriðin í henni.
- Upphaflega átti að frumsýna myndina á undan Spider-Man: No Way Home en Covid breytti því eins og svo mörgu öðru.

hugarlund hve forspá orð hennar myndu reynast, en fimm árum síðar tók Sam Raimi, meistari hryllings og töframaður spennu, að sér að stjórna næstu mynd um Dr. Strange.

Raimi er ekki með öllu ókunnugur kvikmyndum um ofurhetjur. Hann framleiddi og leikstýrði Darkman árið 1990, auk þess að leikstýra upphaflega þríleiknum um Spider-Man. En hvað dregur hann aftur á vit ofurhetjumyndanna næstum 15 árum síðar?

„Mér fannst það spennandi þegar Kevin Feige tilkynnti að hann vildi fá smá hrylling í Dr. Strange,“ segir Raimi. „Mér hefur alltaf fundist hryllingur og óvissa vera skemmtileg hlið á kvikmynda-gerð. Ein af ástæðunum fyrir því að ég er spenntur fyrir Dr. Strange sem persónu er að hann er töframaður. Þegar ég var strákur var ég gjarnan töframaður í barnaafmælum og brúðkaupum. Mér fundust sjón-

Komin í bíó

Aðalhlutverk: Benedict Cumberbatch, Elizabeth Olsen, Chiwetel Ejiofor, Benedict Wong og Rachel McAdams

Handrit: Michael Waldron. Byggt á Marvel teiknimyndasögunni eftir Stan Lee og Steve Ditko

Leikstjóri: Sam Raimi

hverfingar sérstaklega skemmtilegar. Ofurhetja sem er sjónhverfingamaður og töframaður er eitthvað fyrir mig.“ ■

Sambíóin, Laugarásbíó, Smárabíó og Háskólabíó.



Yuuta Okkotsku neyðist til að taka til sinna ráða

Allt frá því að vinkona hans frá barnæsku, Rika, först í umferðarslysi hefur draugur hennar fylgt Yuuta Okkotsku.

Andi hennar birtist hins vegar ekki eins og yndislega stúlkan sem Yuuta þekkti eitt sinn. Þess í stað birtist hún sem tröllaukin og öflug vera sem verndar hann af hörku.

Yuuta getur ekki stjórnað ofbeldisfullri hegðun Rika og nær ekki að stöðva blóðbaðið sem hlýst af grimmilegri hefnd hennar.

Þegar „Jujutsu“ seiðkarlar – leynilegir verndarar heimsins, sérþjálfaðir til að berjast gegn kröftum eins og Rika – handsama hann biður Yuuta um að vera settur í algera einangrun til að engir aðrir skaðist.

En fangari hans, ofurseiðkarlinn Satoru Gojou, er með aðrar áætlanir fyrir hann: Yuuta á að fara í Jujutsu-framhaldsskólann og læra að ná stjórn á Rika til að hjálpa fólki.

Yuuta er nú fyrsta árs nemi í skólanum og byrjar að læra Jujutsu-listina til að berjast við illar verur. Ásamt nýju bekkjarfélögum sínum, Mark Zenin Jujutsu-vopnasérfræðingi, Toge Inumaki, töfrapúl sem notar orð sín sem vopn, og Pöndu, sem virðist vera pandabjörn sem gengur og talar, fer Yuuta loks að finna sína fjöl í heiminum og verða sáttur við hæfileika sína.

Eftir því sem þjálfuninni vindur fram kemst Yuuta æ betur að því að hætturnar í Jujutsu-heiminum takmarkast ekki við illa anda.

Myndin er sýnd með japönsku tali og enskum texta. ■



»

Hætturnar í Jujutsu-heiminum takmarkast ekki við illa anda.

Fruitsýnd 20. maí 2022

Aðalhlutverk: Chinatsu Akasaki, Aya Endo og Kana Hanazawa

Handrit: Gege Akutami og Hiroshi Seko

Leikstjóri: Seong-Hu Park

Fyrirferðarmikla og klaufska ástarkúlan – Marmaduke

Risastóri og óþekki kjölturakinn Marmaduke er barmafullur af ást gagnvart fjölskyldu sinni en á það til að koma sér í klandur, ekki sist vegna þess hvað hann er hrikalega stór.

Göðsagnakenndur hundabjálfi telur sig geta þjálfað Marmaduke og skráir hann á hunda-sýningu.

Þessi dásamlega þríviddarmynd um einhvern elskulegasta hund í heimi gerist í heimi finna hunda-sýninga þar sem enginn skortur er á divum, samkeppni og óborganlega fyndnum atvikum.

Marmaduke birtist síðast á hvíta tjaldinu 2010 í mynd sem Owen Wilson lék í. Sú mynd náði miklum vinsældum.


Saga Marmaduke nær aftur til ársins 1954, þegar hann birtist í teiknimyndasögu í dagblaði. Í dag birtist hvuttinn í 660 dagblöðum í meira en 20 löndum.

Ætlunin er að hleypa nýju lífi og miklum krafti í þessa fyrirferðarmiklu, og á stundum klaufsku, ástarkúlu og í pipunum eru fleiri kvikmyndir, sjónvarpsseria og einnig verður margs konar varningur með mynd Marmaduke settur á markað.

Eypör Ingi Gunnlaugsson fer fyrir einvalaliði sem ljær persónum myndarinnar íslenskar raddir. Eypör Ingi leikur Marmaduke sjálfan og ásamt honum leika Benedikt Óli Árnason, Grétar Orri Tómasson, Steinn Ármann Magnússon og Þórdís Björk Þorfinnsdóttir í íslensku myndinni.

Marmaduke er tilvalin skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Smárabíó, Háskólabíó og Laugarásbíó



»

Dívir, samkeppni og óborganlega fyndin atvik.

Fruitsýnd 26. maí

Aðalhlutverk: Eypör Ingi Gunnlaugsson, Benedikt Óli Árnason, Grétar Orri Tómasson, Steinn Ármann Magnússon og Þórdís Björk Þorfinnsdóttir

Handrit: Byron Kavanagh, byggt á teiknimyndasögu Brad Anderson

Leikstjörn: Mark A.Z. Dippé, Youngki Lee og Phil Nibbelink



HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

enox.® rafreiðhjólin tryggja útivist, umhverfisvend og hollustu

Umhverfisvænt - 250W
25 km hraði - Drægni 70 km



20%

Mest seldu rafhjólin í Húsasmiðjunni.
Gildir aðeins dagana 5.-8. maí

151.920 kr
~~189.900~~ kr

Rafmagnshjól ENOX EBX34 - EBX37 - 26"

Enox Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36v rafhlaða undir bögglabera, Bafang mótór að framan, hleðslutími 3-6 klst., Tektro V bremsur. Stillanlegt framstýri, ljós að framan og aftan, bögglaberi, bretti, bjalla, keðjuhlíf, dempari að framan, áfastur lás fylgir með. 3903103, 3903104

Fást í Húsasmiðjunni um allt land og á husa.is

enox.®
enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Skemmtilegur fróðleikur úr kvikmyndasögunni



Play it, Sam

Í kvikmynd Michael Curtiz, Casablanca, sem frumsýnd var árið 1942 er frægt atriði þegar Ilse Lund Laszlo biður Sam, pianistann á Rick's Café, um að spila lagið As Time Goes By. Sam spilar auðvitað lagið fyrir hana og syngur, en Arth-

ur „Dooley“ Wilson, sá sem leikur Sam, var þekktur tónlistarmaður. Málið er bara að hann spilaði ekki á píanó heldur var hann trommari. Undirspilið er því látbragðsleikur Dooleys, þó annað megi virðast. Dásamlegt engu að síður.



Here's Looking at You, Laddi!

Hin óborganlega Elsa Lund, ein af mörgum persónum sem okkar ástsæli Laddi hefur skapað, er flestum kunn og hefur lengi glatt sjónvarpsáhorfendur. Elsa Lund sást nú síðast í sjónvarpsþáttunum Verbúðinni, þá leikin af Birni Stefánssyni. Færri vita eflaust að hún Elsa Lund á (næstum) alnöfnu á hvíta tjaldinu en í einni frægustu mynd allra tíma Casablanca er aðal kvenpersónan hin norska Ilse Lund Laszlo, leikin af Ingrid Bergman. Tilviljun eða ...?



Djassgeggjarar

Kvikmyndin La La Land frá árinu 2016 er óður leikstjórans Damien Chazelle til gömlu dans- og söngvamyndanna. Myndin fékk fádæma góðar viðtökur og hreinlega sópaði að sér verðlaunum, hlaut til að mynda sjö Golden Globe-verðlaun, fimm BAFTA-verðlaun og sex Óskarsverðlaun. La La Land fjallar um djasspíanistann Sebastian (Ryan Gosling) og ungu leikkonuna Miu (Emma Stone) sem búa í Los

Angeles. Ryan Gosling átti það sameiginlegt með Dooley Wilson í kvikmyndinni Casablanca að fá það verkefni að leika píanóleikara en kunna ekki að spila á píanó. Meðan Dooley greip til látbragðsins greip Gosling til sinna ráða og fór þess á leit við framleiðendur myndarinnar að hann myndi læra að spila djasslög in myndinni. Í þrjá mánuði æfði hann stift undir leiðsögn og útkoman varð svona glimrandi fin.



Ég er faðir þinn

Star Wars-kvikmyndasería George Lucas telur alls sex myndir og var sú fyrsta frumsýnd árið 1977, en það var myndin Star Wars Episode IV: A New Hope. Þriðja myndin Star Wars: The Empire Strikes Back var frumsýnd árið 1980 og þykir mörgum að þessar tvær séu bestu myndirnar í seríunni.

Það er í The Empire Strikes Back að Darth Vader (rödd James Earl Jones) segir þá frægu setningu: „Ég er faðir þinn.“ Óborganlegur undrunarsvipurinn sem kemur á andlit Mark Hamill er ósvikinn, því hann hafði fengið handrit þar sem Darth Vader átti að segja eitthvað allt annað.



Síðasta ástarjátningin?

George Lucas þykir snjall handritshöfundur þegar kemur að byggingu handrits en samtöl eru ekki hans sterka hlið. Og ekki er þess að vænta að þau batni þegar leikararnir eru orðnir þreyttir eftir langan tökudag, eða hvað? Sem dæmi má nefna eitt frægt atriði í The Empire Strikes Back þegar Darth Vader og hans kónar eru að fara að frysta Han Solo

(Harrison Ford) lifandi í kolefni, þá stynur Leia Organa (Carrie Fisher) örvæntingarfull upp: „Ég elska þig.“ Han Solo átti þá samkvæmt handritinu að svara á rómantískan hátt: „Og ég elska þig.“ Harrison var hins vegar orðinn eitthvað þreyttur og leiður á tókum og svarar þess í stað með þessari ódauðlegu setningu: „Ég veit.“

Fagmaður fram í fingurgóma

Það er hægt að hafa ólíkar skoðanir á nánast hverju sem er en flestir geta verið sammála um að Leonardo DiCaprio er góður leikari. Sem dæmi um snilldarleik DiCaprios má nefna atriði í kvikmynd Quentin Tarantino, Django Unchained, frá árinu 2012, þegar hinn illgjarni Calvin Candie, persónan sem DiCaprio leikur, slær harkalega í borðið, orðum sínum til áherslu, en svo illa vill til að höndin lendir á sérígglassi. Við þetta brotnar glasið og DiCaprio skerst frekar illa í lófanum. Fagmaðurinn lætur hins vegar eins og ekkert sé og heldur áfram að leika atriðið. Tarantino var svo hrifinn af leiknum að atriðið var ekki tekið upp aftur.



Staðráðin í að hjálpa pabba og bjarga borginni

Hina 16 ára gömlu Georgia Nolan dreymir um að verða fyrsta konan sem verður slökkviliðsmaður. Þegar dularfullur brennuvargur fer að kveikja í húsum á Broadway fara slökkviliðsmenn í New York að hverfa. Borgarstjórinn í New York kallar Shawn, föður Georgiu sem var sestur í helgan stein, aftur til vinnu til að stýra rannsókn á hvarfi slökkviliðsmannanna. Georgia vill ólm ganga til liðs við föður sinn og hjálpa honum að bjarga borginni. Hún dulbýr sig sem ungan mann og kallar sig „Joe“. Síðan gengur hún í raðir hóps slökkviliðsmanna úr ýmsum áttum sem keppast við að stöðva brennuvarginn. Sagan er fantasía, enda er langt síðan fyrsta konan varð slökkviliðsmaður. Molly Williams, fyrrverandi þræll í New York-borg, er oft talin vera fyrsta konan sem varð slökkviliðsmaður. Hún gekk til liðs við Oceanus Engine Company #11 í kringum 1815. Eingöngu sýnd með íslensku tali. ■



» Borgarstjórinn í New York kallar Shawn, föður Georgiu sem var sestur í helgan stein, aftur til vinnu til að stýra rannsókn á hvarfi slökkviliðsmannanna. Georgia vill ólm ganga til liðs við föður sinn og hjálpa honum að bjarga borginni.

Frumskýnd 20. maí 2022
Aðalhlutverk: Bjarklind Björk Gunnarsdóttir, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Steinn Ármann Magnússon og Stefán Benedikt Vilhelmsson.
Handrit: Laurent Zeitoun, Jennifer Harper og Lisa Hunter
Leikstjórn: Theodore Ty og Laurent Zeitoun



» Þegar dularfullur brennuvargur fer að kveikja í húsum á Broadway fara slökkviliðsmenn í New York að hverfa.



Kettir geta valdið afföllum hjá fuglum á varptíma. FRÉTTABLAÐID/GETTY

Fuglavor og kisur

thordisg@frettabladid.is

Með hækkandi hitastigi og meiri birtu vorsins eru fuglar af öllum stærðum og gerðum í óðaönn að parast, gera sér hreiður og liggja á eggjum sólarhringum saman áður en ungarnir skriða út. Sumir hafa haft mikið fyrir því að koma sér til landsins. Á sama tíma hrista heimiliskettir af sér vetrarslenið og eru meira úti við, en hafa ber í huga að kettir eru rándýr sem geta valdið miklum afföllum hjá fuglum, sér í lagi á varptíma.

Því skora Fuglavernd, Kattavinafélag Íslands, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn og Dýraþjónusta Reykjavíkur á kattaeigendur að gæta katta sinna vel og reyna að lágmarka fugladráp þeirra. Til eru ráð fyrir ábyrga kattaeigendur í viðleitni til að minnka skaða sem kettir geta mögulega valdið. Til dæmis er hægt að halda köttum inni yfir varptímann, en hafa þarf í huga að kettir þurfa þá meiri leik og athygli á þeim tíma. Hægt er að halda köttum inni ákveðinn tíma sólarhrings og þá helst yfir kvöld og nótt, frá klukkan 17 til 9 að morgni. Til að venja ketti á að koma inn siðdegis má prófa að gefa þeim eitthvað sem kisu finnst gott.

Æskilegt er að setja bjöllur á hálsólar og hafa kattakragar gefið góða raun en kettir með litríka kraga drepa mun færri fugla en kettir með engan kraga. Kraga er hægt að fá hjá Fuglavernd, í Kattholti, Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, gæludýraverslunum og hjá dýralæknum. ■

HEIMILD: DÝR - DÝRAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR



Lax og ananas fer mjög vel saman.

Gómsæt laxaspjót

starri@frettabladid.is

Hér er einföld uppskrift að laxaspjóti með ferskum ananas.

5 spjót

- 3 bollar ananasbitar
- 450 g laxaflak, skorið í hæfilega bita
- 3 msk. olía
- 3 msk. sweet chili sósa
- 2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
- 2 tsk. engifer, rífið smátt
- 2 tsk. sesamolía
- ½ tsk. rauðpiparflögur (red pepper flakes)
- Salt
- Ristuð sesamfræ og þunnt skorinn vorlaurur til skrauts

Hitið grillið. Þræðið laxa- og ananasbita á spjótið til skiptis. Blandið í skál oliu, chili sósu, hvítlauk og engifer, sesamolíu, piparflögum og smá salti. Hrærið vel saman og berið á spjótin. Grillið á meðalheitu grilli í 8-10 mínútur. Snúið reglulega og penslið vel á meðan. Stráið að lokum sesamfræjum og vorlaurk yfir. Berið fram með límónubátum og góðu salati. ■

Gagnrýna megrun Kardashian

oddurfreyr@frettabladid.is

Kim Kardashian hefur verið gagnrýnd fyrir að senda út óheilbrigð skilaboð þegar hún sagðist hafa farið í stranga megrun til að létta sig um rúm sjö kíló á þremur vikum svo hún passaði í kjól af Marilyn Monroe á Met Gala. Hún sagði Vogue að hún hefði farið í stranga megrun til að komast í kjólinn. Margir dáðust að útliti hennar en aðrir sögðu að svona

tal væri óábyrgt og gæfi skaðleg skilaboð. Kardashian hefur meðal annars fengið gagnrýni frá samtökum sem berjast gegn átröskunum. Þau segja að mjög skaðlegt sé að gera svona hegðun hátt undir höfði fyrir þær milljónir sem glíma við slík vandamál og ungt fólk sem lítur upp til hennar. Næringarfræðingar segja að svona hratt þyngdartap geti komið niður á andlegri og líkamlegri heilsu og krefjist megrunar sem

er alltof ströng til að vera holl. Slík megrun getur valdið breytingum á tíðahring, veikt ónæmiskerfi, minnkað orkustig og haft áhrif á meltinguna. Með tímanum getur hún minnkað beinþéttni, rýrt vöðva og valdið hárlosi. Kardashian sagði frá því að hún hafi borðað mikið af sykri



Kim í kjólnum umrædda. FRÉTTABLAÐID/GETTY

og kolvetnum eftir Met Gala. Næringarfræðingar segja þetta ekki koma á óvart og að það sé mjög algengt en um leið skaðlegt að borða mikið af slíkri fæðu eftir langt hlé. ■



AUKIÐ ÚRVAL AF EIGNARHYLKJUM

NÚNA FÆRÐU 10LTR. EIGNARHYLKI MEÐ ARGON, MISON 18 OG ODOROX IÐNAÐARSÚREFNI HJÁ GASTEC.

Í samvinnu við Linde á Íslandi getur Gastec nú boðið upp á enn meira úrval af eignarhylkjum. Við hjá Gastec skiptum svo á fullum hylkjum fyrir tóm þegar þér hentar.

GASTEC | VAGNHÖFÐA 9 | WWW.GASTEC.IS | SÍMI 587 7000



Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Pípulagnir

Löggiltur pípulagningameistari tekur að sér ýmiskonar viðhaldsvinnu og breytingar. Upplýsingar í síma 8993464. Benedikt Bjarnason.

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215 og 790 9021

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði



Óskum eftir starfsmönnum í sumarstarf og heilsársstarf, við viðgerðir á sláttuvélum, smávélum, sláttutraktorum og fl. Uppl. í s. 554 0661 699 2505

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Ársfundur SFS

Hvert liggur straumurinn?

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi halda ársfund í Silfurbergi í Hörpu, föstudaginn 6. maí kl. 13:00–15:15. Fundurinn er öllum opinn. Hvatningarverðlaun SFS verða veitt á fundinum og styrkjum úthlutað úr Rannsóknasjóði síldarútvegsins. Fundarstjóri er Ásta Dís Óladóttir, dósent við HÍ. Boðið verður upp á veitingar að fundi loknum.



Ásta Dís Óladóttir
dósent við HÍ



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
utanríkisráðherra



Ólafur Marteinsson
stjórnarformaður SFS



Dag Sletmo
aðstoðarframkvæmdastjóri hjá DNB í Noregi



Klemens Hjartar
meðeigandi McKinsey & Co.



Heiðrún Lind Marteinsdóttir
framkvæmdastjóri SFS



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótt- og skemmti-þáttur með Benedikt Bóasi.
- 20.00 Draugasögur (e)** Í sjón-varpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu fyrir handan.
- 20.30 Fréttavaktin (e)** Farið yfir fréttir dagsins.
- 21.00 Íþróttavikan með Benna**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
13.10 Kastljós
13.35 Útsvar 2010-2011 Akureyri - Mosfellsbær.
14.30 Alla leið
15.35 89 á stöðinni
15.55 Kvöldstund með listamanni 1986-1993 Einar Markússon.
16.30 Gert við gömul hús
16.40 Stíklur
17.15 Hnappheldan Gift.
17.35 Tónstofan Bragi Hlíðberg.
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Lesið í líkamann
18.29 Matargat Egg.
18.35 Húllumhæ
18.50 Lag dagsins Eurovision 2022: Ítalía.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Kastljós
20.00 Á tali í Tórinó Björg Magnús-dóttir og Gísli Marteinn Baldursson fylgja íslensku Eurovision-förunum eftir í Tórinó á Ítalíu, fylgjast með undirbúningi og stífum æfingum fyrir keppnina og ræða við áhugaverða keppendur frá öðrum löndum.
20.30 Gettu betur - Á bláþræði
21.40 Séra Brown Father Brown VIII
22.30 Flöskuskeyti frá P Flaske-post fra P Dönsk spennu-mynd frá 2016. Þegar gamalt flöskuskeyti finnst skrifað með blóði tengja rannsókn-arlögreglumennirnir Carl og Assad það við nokkurra ára gamalt mannhrvarfsmál þar sem börn hurfu sporlaust. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.20 Besta afmælisgjöfin A Little Something for Your Birthday
01.50 Dagskrárlök

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
14.50 This Is Us
15.35 Top Chef
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 The Unicorn Gamanþátta-röð um mann sem er ekill og einstæður faðir tveggja dætra. Ári eftir andlát eigin-konunnar fer hann að prófa stefnumót á nýjan leik.
19.40 Black-ish
20.10 Bruce Almighty
23.20 Kill Bill. Vol. 2 Beatrix Kiddo, öðru nafni Brúðurin, er leigumorðingi sem var svikin illilega af fyrrum yfirmanni sínum Bill, sem skaut hana á brúðkaupsdaginn og skyldi hana eftir í blóði sínu.
01.35 Broken City Myndin segir frá borgarstjóra New York-borgar, Nicholas Hostetler sem biður fyrrverandi lögreglumanninn Billy Taggart um að fylgjast með eiginkonu sinni, sem hann grunar um framhjáhald.
03.20 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
08.25 The O.C.
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Masterchef USA
10.05 Supernanny
10.45 Hindurvitni
11.20 Cherish the Day
11.55 Golfarinn
12.35 Nágrannar
12.55 30 Rock
13.15 Grand Designs
14.05 It's Always Sunny in Philadelphia
14.25 The Bold Type
15.05 Real Time With Bill Maher
16.00 McDonald and Dodds
17.25 Bold and the Beautiful
17.50 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakinn
18.55 Fyrsta blikið
19.30 Britain's Got Talent
20.50 Never Grow Old
22.25 Come Play
00.05 Vox Lux
01.55 The O.C.
02.35 Masterchef USA
03.15 Supernanny
03.55 Cherish the Day

Fótbolti og Formúla

Íþróttavikan með Benna Bó er á dagskrá Hringbrautar í kvöld eins og aðra föstudaga. Að þessu sinni er fótboltinn fyrirferð-armikill en Tómas Þór Þórðarson, ritstjóri Enska boltans hjá Símanum, sest í settið ásamt Herði Snævari Jónssyni, íþróttastjóra Torgs. Þeir félagar fara yfir fréttir vikunnar og fara ítarlega yfir undanúrslitaleikina í Meistaradeildinni þar sem Liverpool mætir Real Madrid í úrslitaleiknum sem fram fer í París. Kristján Einar Kristjánsson og Aron Guðmundsson setjast svo og hita upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn sem fer fram í Miami.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT
1 mánuður
5 af
6 hvort
8 tóftir
10 stafur
11 geisa
12 fyrirhöfn
13 kk nafn
15 kenna
17 hræddur

LÓÐRÉTT
1 dáðum
2 kurteis
3 farvegur
4 teyma
7 djarfar
9 losun
12 hóta
14 sægur
16 í röð

LÁRÉTT: 1 apríl, 5 frá, 6 ef, 8 rustir, 10 eð, 11 aða, 12 ómak, 13 ugg, 15 mennta, 17 ragur, 18 afrekum, 2 þrúð, 3 rás, 4 leiða, 7 frakkar, 9 tæmning, 12 ógna, 14 ger, 16 tu.

Sudoku

6		2		4	5		1	
1		4	6		2		9	
	7	8	9					
	8		1			9	6	
9								7
	4	1		9		5		2
		3						
7					4	6		
	5		2	1	7	3		

		4	8				3	7
						4		2
	9					5		
				1	9	7		3
	7		4			6		
3	4	1		6	2			
	2			5				
	1	9		7			6	8
7		3						

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Lætur ekkert stöðva sig

Sigríður Lárusdóttir hefur undirgengið á annan tug aðgerða eftir fæðingu frumburðarins fyrir rúmum þrjátíu árum. Fyrir tæpu ári var endi bundinn á ítrekaðar aðgerðir með því að koma upp ristilstóma. Sigríður lætur fátt stöðva sig og stefnir á að verða fyrsti stómaþeginn til að synda yfir Ermar-sundið í byrjun næsta mánaðar.



IN BLOOM óður til bjartari tíma

Hildur Yeoman hefur skapað sér sess sem einn vinsælasti fatahönnuður landsins og því alltaf mikil eftirvænting sem fylgir nýrri línu frá henni. IN BLOOM, óður til bjartari tíma, gefur sannarlega tóninn inn í sumarið.



Kærleikapólitik á hlutleysishátíð

Eurovision-keppnin fer fram í Tórinó á kosninganótt. Við þekkjum gleskið og glamúrinn og eftirlætislögin okkar, en færri vita hvernig þessi keppni kom til, hver yfirlýstur tilgangur hennar er og hvers vegna pólitik er útlagi á lokakvöldinu.

ÓKEYPIS MYNDASÖGUDAGURINN

Laugardaginn 7. maí 2022

NEXUS **BARA Í GLÆSIBÆ**
BYRJAR KL. 11:30
FÁÐU GEFINS SÉRPRENTAÐAR
MYNDASÖGUR Á ÍSLENSKU OG ENSKU!*



*MEÐAN BLÖÐIN ENDAST



MYNDASÖGUTILBOÐ

SÉRYALDIR TITLAR OG PAKKAR, ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR!



Frekari upplýsingar um viðburðinn má finna á Facebook síðu Nexus

NEXUS.IS Glæsibær Álfrheimar 74, 104 Reykjavík - s. 552 9011 • Kringlan 4-12, 103 Reykjavík - s. 552 9012



Sirkus ljóðlistarinnar



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Þykjustuleikarnir er nýjasta ljóðabók Antons Helga Jónssonar. Hann lýsir bókinni sem sirkusbók sem sé í senn óperutexti og kvikmynda-handrit.

Anton Helgi Jónsson er með reynslumeiri skáldum Íslands. Hann gaf út fyrstu ljóðabók sína 1974, þá aðeins nítján ára, og sendi á dögunum frá sér sína tiundu ljóðabók sem ber titilinn Þykjustuleikarnir. Að sögn Antons er þó ekki um hefðbundna ljóðabók að ræða.

„Ég er ekkert mjög mikið að tala um þetta sem ljóðabók. Einn sonur minn sagði að þetta væri óperutexti. Þá sneri ég út úr og sagði: „Nei, þetta er kvikmynda-handrit.“ Þetta er samfella en samfellan er ekki eins og í meginstraums-sögum þar sem eitt leiðir af öðru, heldur er þetta sett upp eins og atriði á leiksviði.“

Ólíkar persónur

Að sögn Antons fékk hann þá hugmynd ungur að gera ljóðabók sem væri byggð upp eins og revía eða sirkus, með mörgum sjálfstæðum atriðum sem saman mynda eina heild. Fyrir nokkrum árum ákvað hann svo loks að skrifa bókina.

„Ég setti strax upp að ég myndi hafa þetta svona eins og sirkusdagsskrá fyrir og eftir hlé. Þá kviknaði fljótlega þessi hugmynd að ég yrði að taka inn gamalt sirkusfólk, Jóhann rísa, Ólöfu eskimóa og Jóhannes á Borg, svoleiðis persónur kveiktu mörg atriði. En síðan náttúrliga eru margar kveikjur úr mínu lífi,“ segir Anton.

„Margt af þessu fólk er fremur ógeðfellt, getum við sagt. Þessi bók er svolítið að gera upp við ákveðna típu af körlum. Ákveðna ímynd karla og já, þeir eru ekki allir geðfelldir.“

Pétur Pan og Dante

Rammafrásögn þykjustuleikanna er innblásin af einu þekktasta bókmenntaverki allra tíma, sögunni um Pétur Pan og Vöndu, sem Anton hreifst af í bernsku.

„Ég ímynda mér og set það upp þannig að það sé Vanda sem segi söguna. En í staðinn fyrir að fljúga með Pétri Pan til Hvergílands þá fer hún í þennan sirkusheim og ferðast um hann. Þá komum við að öðru verki sem inspíreradi mig og ég hef haft á heilanum lengi, sem er Gleðileikurinn guðdómlegi. Í þessari bók er ég að vinka til Dantes. Vanda fer í ferðalag, hún fer til helvítis og síðan upp til himinhvelfinga í lokin,“ segir Anton.



Ég er ekkert mjög mikið að tala um þetta sem ljóðabók, segir Anton Helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Marglaga verk

Ljóst er að í Þykjustuleikunum má finna vísanir í ýmis þekkt bókmenntaverk en hönnun bókarinnar eftir Höllu Sögu sækir einnig innblástur á ólík mið, í Tarotspil og ítalska gamanleikinn commedia dell'arte, svo eitthvað sé nefnt.

„Mér fannst hún Halla Sögu hjá Forlaginu leysa þetta alveg einstaklega vel, hún kemur með alveg nýja vídd við textann. Kvikmyndaheiminn, þöglu myndirnar, commedia dell'arte. Þannig að þetta verður ein mjög sterk heild úr þessu og mikill leikur í uppsetningunni. Ég var bara ótrúlega ánægður með það samstarf,“ segir Anton.

”

Þessi bók er svolítið að gera upp við ákveðna típu af körlum. Ákveðna ímynd karla og já, þeir eru ekki allir geðfelldir.

Að sögn Antons eru Þykjustuleikarnir marglaga verk og hvetur hann því lesendur til að gefa sér tíma við lesturinn og leyfa sér að taka þátt í leiknum.

„Það sem skiptir mestu máli held ég fyrir lesendur sem koma að henni er að leyfa sér að fara af stað í leikinn. Síðasta bók mín, Handbók um ómerktar undan-komuleiðir, er líka byggð upp sem samfelld saga en það tóku ekki allir eftir því þegar fólk var að lesa eitt ljóð á dag eða eitthvað svoleiðis. Oft getur bara verið betra að taka sér hálf tíma eða klukkutíma og renna í gegnum bókina til þess að sjá heildina.“ ■



Lúkas í Þulu

kolbrunb@frettabladid.is

Lukas Bury heldur einkasýninguna You look like a viking, í Þulu. Sýningin stendur til 22. maí.

Með notkun sérkennilegra sjónarhorna takast mótíf hans á við pólitísk viðfangsefni og lýsa innri deilum annarrar kynslóðar innflytjanda, sem varð heimsborgari eftir að hafa fæðst í vesturevrópsku landi. Hann kannar sköpun sjálfsmyndar, hvað það þýðir að vera innflytjandi og maður margra þjóða. Hvar er heima og hvað þýðir það?

Lukas stundaði MA-nám við Listaháskóla Íslands, Hochschule für Bildende Künste í Braunschweig og Accademia di Belle Arti di Brera í Milanó. ■



Lukas Bury sýnir í Þulu. MYND/ADSEND

Vortilboð



**Innifalið: Steinar úr granít
Gráir, svartir eða paradiso litur
(sjá heimasíðu)**

**Grafskrift og skrautmynd (efst)
Ledljós fylgja lugtum**

**Uppsetning á höfuðborgarsvæði og
Norðurlandi fylgir eða
frí sending um allt land
Geymum steina ef óskað er**

Tilboð 1



Verð:

Sett eins og á mynd : 620.000

Sett án blómaramma : 520.000

Tilboð 2



Verð:

Sett eins og á mynd : 545.000

Sett án blómaramma : 445.000

Tilboð 3



Hægt að setja 2 nöfn

Verð:

Sett eins og á mynd : 420.000

Án blómaramma : 320.000

Tilboð 4



Verð:

Sett eins og á mynd : 225.000

Steinn án aukahluta : 175.000

Tilboð 5



Verð:

Sett eins og á mynd : 225.000

Steinn án aukahluta : 175.000

Reddingar og norræna stigasamsærið

Fréttablaðið á Eurovision



Í dag er einn dagur í brottför til Tórinó. Við fengum þær ánægjulegu fréttir í gær að vera boðnar á dómararennslíð, auk þess sem passarnir okkar fóru í gegn sem tryggir okkur aðgang inn á öll helstu svæði á hátíðinni.

Við spjölluðum við dönsku keppendurna gær, fjóreykið í rokk-sveitinni Reddi, sem er viðeigandi af því að svona margt reddaðist þann dag. Lagið þeirra heitir The Show, sem útleggst á ylhýra sem „Sýningin“. Aðspurðar hvort það tengdist hinu stærra samhengi tónlistarbransans svoruðu þær játandi.

Reddi samanstendur af tveimur Dönum og tveimur Svíum, sem er auðvitað borðleggjandi sam-norrænt stiga-samsæri. Þar hafa þær tryggt sér öll stigin frá landi Volvósins og þegar við spurðum þær hvaða lag væri í uppáhaldi hjá þeim í keppninni þetta árið, fóru þær skammlaust að syngja sænska lagið. Eins og það sé bara í lagi. Fyrir framan okkur Íslendingana.

Þegar við höfðum jafnað okkur spurðum við, titrandi röddu,

hvort pláss væri fyrir Íslending í bandinu á næsta ári. Þær sögðust vera opnar fyrir ýmsu, þannig að kannski göngum við bara til liðs við samsærishópinn á næsta ári, frekar en að reyna að fella hann. Við sjáum hvað setur.

Nina er komin með smjörgular hárlengingar og er að vinna í brúnkuspreyinu til að falla inn í hópinn þegar til Ítalíu er komið. Það er vist skýjað á staðnum, samkvæmt veðurfréttum frá danska hópnum.

Ingunn er með einn lykilmeðlim íslenska hópsins, verðlaunasminkuna Mariönnu Pálsdóttur, á hraðvali í símanum og hefur sjarmerað okkur alla leið inn á hótélherbergi til íslenska hópsins á sunnudag, fyrsta daginn okkar á Ítalíu. Það gefur okkur gullið tækifæri til að yfirheyra Systur á meðan þær gera sig klárar fyrir opnunarkvöldið. Svo kannski skellum við okkur sjálfar í einn hælaskó eða tvo. ■

Fylgist með á Hringbraut, á samfélagsmiðlum og á [frettabladid.is](#)



Náttúruleg slökun & góður nætursvefn



Fæst í næsta apóteki, heilsuvörusvun og flestum stórvörumörkuðum.

Áttu erfitt með að slaka á, festa svefn eða fá næturhvíld?

Slakandi blanda sem inniheldur **Magnoliu börk** og **íslensk fjallagrös**



- Útlit eins og timburgluggar
- Henta mjög vel í gluggaskipti!
- Þarf ekki að skrapa og mála eins og timburglugga!

GÆÐA VEKA PLASTGLUGGAR

Gott verð og stuttur afhendingartími!



Gluggasmiðjan

...Ekki bara gluggar

Steinhella 17a / 221 Hafnarfjörður / s. 577 5050 / [www.gluggasmidjan.is](#)



Tónlistarkonan og jógakennarinn Lára Rúnarsdóttir býður til fagnaðar í Móum á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grímurnar falla í Móum

Tónlistarkonan Lára Rúnarsdóttir er mörgum kunn, en samhliða tónlistinni hefur hún snúið sér að andlegri rækt, eftir kulnun árið 2018.

ninarichter@frettabladid.is

„Ég opnaði í september í Bolholti en fyrir það þá rak ég Andagift með vinkonu minni Tinnu Sverris,“ segir Lára Rúnarsdóttir, tónlistarkona og jógakennari, sem rekur Móa Studio, þar sem boðið er upp á andlega rækt og námskeið af ýmsu tagi. Í Móum er blásið til fagnaðar um helgina, ásamt fatamarkaði.

Þar sem grímurnar falla

„Þessi hugmynd er hálfs árs gömul og sprettur út frá þessari miklu þörf fyrir svona rými. Rými sem er ekki hefðbundið jógarými eða jóga-líkamsrækt heldur bara að hlúa að andanum, koma saman og vera í samveru þar sem egóið og grímurnar og varnirnar fá að falla hægt og rólega,“ segir Lára.

„Það er alls konar í boði, en ég geng að mestu út frá einfaldleikanum.“ Hún segir að mikilvægt sé að til séu rými til að „liða alls konar og mæta sjálfum sér“, sama hvar maður er staddur þá stundina. „Það



Það eru allir að fást við ógeðslega mikið þessa dagana. Maður finnur að það er frekar þungt í mörgum.

Lára Rúnarsdóttir

eru allir að fást við ógeðslega mikið þessa dagana. Maður finnur að það er frekar þungt í mörgum,“ segir hún.

„Þetta snýst rosa mikið um slökun, hugleiðslu í þögn og tónheilun. Ég er tónlistarkona og vinn rosa mikið með tónlist sem heilunartæki í söng, trommum og spuna.“

Fjarri hörku og samkeppni

Lára segir að í Móum gefist tækifæri til að færa sig frá því sem hún lýsir sem ótrúlegri hörku og samkeppni sem einkenni þjóðfélagið. „Það er svo nauðsynlegt að æfa sig í því. Það getur verið rosalega erfitt að fara út úr þessari rosalegu meðvitund um hvernig við tölum, hreyfum okkur og erum, og inn í það að bara vera.“

Lára er með kennararéttindi í jóga. „Ég kláraði það fyrir tíu árum síðan, en ég er líka með menntun í norðuramerískum Shamanisma, sem er svolítið mikið á jadrinum,“ segir hún. „Það snýst um að fara aftur í grunninn, tenginguna við náttúruna og vinna með plöntur sem Ísland á. Tengja aftur við náttúruna og hvaðan við komum. Við erum svolítið að gleyma okkur í að vinna, vinna, vinna.“

Hugleiðsluferðalag

Að sögn Láru er tromman notuð til að styðja við hugleiðsluferðalag. „Þegar við trommum í ákveðnum takti förum við inn í þetta Z-djúp-slökunarástand. Við færum heilanum það, og það er svo mikil lækning í því.“

Lára kveðst einnig búin með fyrstu þrjú stigin í höfuðbeina- og spjaldhryggjarmedferð. „Þar sem hið andlega og hið læknisfræðilega mætist,“ segir hún.

„Svo er ég líka með menntun í kynjafræði og er að passa mig rosalega mikið á að vera ekki með kynjaða orðræðu. Að það sé jöfnuður og við séum ekki að vinna inn í þessa tvíhyggju. Við reynum að vinna alltaf að þessari valdeflingu einstaklingsins.“

Hógvær og hæfileikaríkur Khalid

TÓNLEIKAR

Khalid
Laugardalshöll
Miðvikudagur 4. maí 2022

Nina Richter

Háskólanemar voru í prófum þegar bandaríska stórstjarnan Khalid steig á svið í Laugardalshöll á sólríku miðvikudagskvöldi í byrjun maí. Þar með var markhópurinn fjarri góðu gamni þegar hinn margverðlaunaði popptenór söng lagið 8Teen, sem fjallaði um að vera átján ára, fyrir réttum fimm árum síðan. Nafnið KHALID birtist í hástöfum á sviðinu. Hljóðfæraleikarar stilltu sér upp og söngvarinn hóf upp raustina undir flutningi litillar hljómsveitar.

Næst mættu átta dansarar sem hefðu alveg verið peninganna virði án stórstjörnunna. Þvílík sýning, sem þó augljóslega var hönnuð fyrir margfalt stærra svið. Hljóðið var líka vel heppnað þó að kerfið hafi kvartað örlítið undan þyngstu bassalínunum.



Khalid kom loksins til Íslands eftir ítrekaðar frestanir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Um miðbik tónleika dró Khalid stól út á mitt svið, flutti ballöðu og talaði næst við salinn, hógvær, auðmjúkur og þakklátur fyrir að vera loksins kominn til Íslands, eftir ítrekaðar frestanir.

Meðal hápunkta var hið silki-mjúka Better og dúettinn Lovely, sem sló eftirminnilega í gegn árið 2018, í flutningi Khalid og Billie Eilish. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég flyt þetta lag einn,“ sagði hann við salinn.

Hann var þó ekki alveg einn. Hinir ungu tónleikagestir sungu með þessari töfrandi ballöðu og hljómuðu eins og barnakór. Það

féllu nokkur tár á því augnabliki. Einlægu kynslóðinni er ekki alls varnað.

Margfrestaðir og langþráðir stórstjörnutónleikar. Tímasetningin hefði mátt vera betur heppnuð og kannski upphitunin líka. Þrátt fyrir það fór útkoman langt fram úr væntingum. ■

NIDURSTAÐA: Hver einasti gestur söng af innlifun með Young Dumb & Broke og fyrrnefndu 8Teen, andrúmsloftið íðaði af spennu og fiðringi og að kvöldinu loknu efaðist ekki nokkur manneskja um að tónleikasumarið væri hafið.

Álfurinn

Kaupum Álfinn og látum
töfrana gerast með
hjálp SÁÁ.



Tökum sölufólkinu
fagnandi!





★ PÖNNUTILBOÐ ★
ALLA DAGA

STÓR PIZZA

1.590

PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA

EF ÞÚ SÆKIR

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



Systurnar Sigga, Beta og Elin á fyrstu Eurovision-æfingunni á aðalsviðinu í Tórinó í nýju búningunum. MYND/EBU

Kúrekahatturinn sérhannaður fyrir Elínu

Ellen Loftsdóttir, stílisti Systra á Eurovision, vinnur bak við tjöldin í Tórinó við að klæða keppendurna. Persónuleiki Siggu, Betu og Elínar skín í gegnum fatnaðinn.

ingunnlara@frettabladid.is

Systurnar Sigga, Beta og Elín eru nú staddar í hringiðu Eurovision-þorpsins í Tórinó að undirbúa sig fyrir undankeppnina sem fer fram þann 10. maí. Þær hafa ásamt bróður sínum, trommaranum Eyþóri Eyþórssyni, og bakradda-söngvurunum Zöe og Gísla Gunnari Didriksen, æft sig í hljóðveri í miðbæ Tórinó, svarað spurningum alþjóðlegu pressunnar og stigið nokkur dansspor með norsku sveitinni Subwoolfer. Æfingum Íslands á aðalsviðinu er lokið og opunar-hátíðin fram undan.

Í Íslandsteyminu eru auðvitað hinir ýmsu listamenn sem vinna bak við tjöldin, eins og stílistinn Ellen Loftsdóttir. Ellen er fyrrverandi dag-skrárstjóri HönnunarMars og hefur starfað við listræna stjórnun í rúman áratug, meðal annars hjá I-D magazine, Elle, Glamour og Euroman.

Hópurinn leikur sér með blöndu af kúrekastíl og hippa- og rokkstíku frá sjöunda áratugnum sem hentar vel þjóðlagatónlist sem sveitasöngvarnir þróuðust út frá. Evrópulöndin hafa verið hrifin af stílunum og sent nokkra kúreka í Eurovision.

Sem dæmi má nefna Petter Øien og bandaríska kúrekann Bobby Bare sem lentu í þriðja sæti í Söngva-keppni Noregs árið 2012 með lagið Things Change. Bobby var að sjálf-sögðu með hvíta kúrekahattinn sem hann gleymir aldrei heima.

Holland lenti í öðru sæti í Euro-vision 2014 með kántrí- og bluegrass-tvíeykinu The Common Linnets. Ilse DeLange and Waylon stóðu and-spænis hvort öðru í svörtu og hvítu, Ilse með hárstíl sem minnti á Nancy Sinatra og Waylon með svartan hatt.

Systurnar hafa skemmtilegt fata-val þessa dagana í Tórinó en Ellen segir mikilvægast að þeim líði vel, að persónuleikar þeirra skíni í gegnum fatastílinn og að þær fari ekki of langt frá sínum þægindaramma. Nýir búningar Systranna hafa vakið athygli en þeir eru litríkari en halda þó í sama sveitasöngva-þema og hópurinn hefur verið að vinna með frá upphafi.



Ellen Loftsdóttir stílisti baksviðs í höllinni að laga sérsaumaða kjólinn fyrir Elísabetu Eyþórsdóttur, eða Betu eins og hún er gjarnan kölluð. MYND/ZÖE



Tvíeykið í The Common Linnets lék sér með kúreka- og rokkþema þegar það tók þátt í Eurovision árið 2014. Þau slógu rækilega í gegn og lentu í öðru sæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Bobby Bare með hvíta kúrekahattinn.

„Við erum að vinna með svipaða tilfinningu í fatnaði og við vorum með heima en höfum gefið því mun stærri og flottari upplýftingu,“ segir Ellen í samtali við Fréttablaðið.

Hún vinnur með Darren Mark hönnuði, sem útskrifaðist úr LHÍ árið 2017, en hann hefur aðstoðað hópinn við að skapa þennan hugarheim í fatnaðinum.

Eflaust vilja margir vita hvaðan Elín fær fræga kúrekahattinn og Ellen er með svörin á reiðum höndum.

„Elín verður með einstaklega fallegan hatt frá íslenska hattamerkinu Sigzon Hats, og var hann sérhannaður fyrir tilefnið.“

Fötin, hárið og fördunin sameinast tónlistinni til að skapa einlægan stíl sem harmonerar í samheldni þeirra sem listamanna.

„Þær elska það sem þær gera sem listamenn og systur. Samheldni þeirra skapar þennan einlæga stíl sem tónlist þeirra endurspeglar. Við reyndum að láta þetta allt spila saman í sviðsfatnaði þeirra, einhvers konar íslenskir kvenkyns kúrekar sem boda von og kærleika sem allir geta lítið upp til.“ ■

SJÖ ÆVINTÝRI UM SKÖMM

TYRFINGUR TYRFINGSSON

„Magnað sjónarspil“
Fbi, PSH

Farsakennd ævintýri,
byggð á sönnum
atburðum

KARDE MOMMU DÆPINN

Ósóttar pantanir
seldar daglega

Síðustu sýningar!

Eftirlætis barnaleikrit þjóðarinnar kveður

Mbl, P.T.

Síðustu
sýningar!

Ást og
upplýsingar

CARYL CHURCHILL

Mbl, P.T.

„Listrænn fengur á
heimsmælikvarða“
Fbi, S.J.

FRAMÚRSKARANDÍ
VINKONA
Síðustu sýningar!

Um skiptingar
SIGRÚN ELDJÁRN

Allar helgar í maí

Mbl, SBH

VERTU
ÚLFUR

Sýning
ársins!

Fbi, S.J.

7 Grimuverðlaun

Prinsinn

Á ferð
um landið

Þjóð
leik
húsið

Tryggðu þér miða á síðustu sýningar!

leikhusid.is

